



ROLEX

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN



bættu skorið...!!!

nánar www.lausnir.is

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 9. janúar 2008 – 1. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Lánshæfismat

Neikvæðar horfur ríkis og banka



Konur og fjármagn Auður kvenna vex hratt

Dagur í lífi

Athafnakona með öndina í hálsinum



Í FORSVARI FYRIR BYR Jón Þorsteinn Jónsson stjórnarformaður og Ragnar Z. Guðjónsson, annar tveggja sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs.

MARKAÐURINN/PIETUR

Markaðsvirðið rétt yfir eigin fé

Markaðsvirði Byrs sparisjóðs nemur nú tæpum 65 milljörðum króna miðað við gengi stofnbréfa. Eigið fé sjóðsins eftir sameininguna við Sparisjóð Norðlendinga nemur 57,5 milljörðum króna.

Heildarstofnfé Byrs nemur 30,2 milljörðum króna. Síðustu viðskipti voru á genginu 2,15.

Aðalfundur Byrs verður haldinn næsta miðvikudag, en þar er á dagskrá tillaga um 44 prósentar arðgreiðslu og úttekt á hlutfélagavæðingu hans.

Verið er að ljúka verðmati og skiptalýsingu vegna hlutfélagavæðingar Byrs, en samkvæmt heimildum Markaðarins er ólíklegt að því verði lokið fyrir fundinn. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um tímasetningu skráningar á markað þótt hennar verði varla langt að bíða eftir að breytt hefur verið um rekstrarform. - óká

FRÉTTIR VIKUNNAR

Viðvarandi verðbólga | Verðbólga hefur eingöngu verið undir 2,5 prósentu verðbólguþolmi Seðlabankans í 18 mánuði af 84 við núverandi peningamálastefnu Seðlabankans. Þetta benti greiningardeild Glitnis á í síðustu viku á sjö ára afmæli flotgengis og verðbólguþolmiðs.

Málað svörtum litum | Seðlabanki Íslands gerði í vikulokin síðustu hóflega athugasemd við framsetningu Glitnis á framgangi peningamálastefnunnar. Verðbólga mun nefnilega hafa verið innan vikmarka, milli eins og fjögurra prósentu í 45 mánuði í árin sjö, rétt rúman helming tímans.



Atlaga að Íslandi | Davíð Oddsson Seðlabankastjóri sagði í ræðu sinni á ársfundi bankans að til álita kæmi að gera alþjóðlega rannsókn á því sem hann kallaði tilræði við heilbrigð fjármálakerfi. Davíð sagði að nú stæði yfir atlaga óþrúttinna aðila gegn íslenska ríkinu og innlendum bönkum.

Hamé blessað | Tékkneska samkeppniseftirlitið lagði í síðustu viku blessun sína yfir kaup íslenska fjárfestingarfélagans Nordic Partners á tékkneska matvælafyrirtækinu Hamé. Gengið var frá kaupnum í byrjun ársins.

Liðkað til á markaði | Sérstök útgáfa Seðlabanka Íslands á ríkisbréfum upp á 7,15 milljarða króna í liðinni viku var talin geta liðkað lítillega til á vaxtaskiptamarkaði. Einnig er horft til áhrifa af útgáfu sérstakra „innstæðubréfa“ upp á allt að 50 milljarða króna í þessari viku.

Milestone ætla á markað í Svíþjóð

Skrá á Invik, dótturfélag Milestone, í OMX-kauphöllina í Stokkhólmi innan tveggja ára. Lyf og heilsa verða seld.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Milestone ætla að skrá fjármálaþjónustu sína á markað í Svíþjóð innan tveggja ára. Í opnuviðtali við Markaðinn segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, að í vali á kauphöll hafi verið horft til dýptar markaðarins, auk starfssvæðis og fyrirætlananna um framtíðarvöxt fjármálaþjónustu innan samstæðu félagsins.

Milestone færir allar íslenskar eitur félagsins undir sænska fjármálaþjónuð Invik, sem þar með verður eignarhaldsfélag fyrir alla starfsemi samstæðunnar. Í framhaldinu verður Invik skráð í OMX Nordic Exchange kauphöllina í Stokkhólmi. Tímasetning skráningarinnar hefur hins vegar ekki verið fastnegld. „Við metum það í samstarfi við okkar ráðgjafa en stefnan hefur mjög ákveðið verið tekin á skráningu innan tveggja ára,“ segir Karl.

Framtíðarvöxt samstæðunnar segir Karl vera utan landsteinanna, auk þess sem meirihluti fjárfestinga hennar sé erlendir. Og þótt Sjóvá sé vissulega íslenskt fyrirtæki og starfi hér á landi sé töluvert af fjárfestingum félagsins í erlendum verkefnum. Auk þess að

horfa til framtíðarvaxtar og starfssvæðis segir Karl smæð markaðarins hér einnig spila inn í ákvörðunina um að skrá Invik fremur í Svíþjóð. Karl snerir einnig á málum tengdum lausafjárkreppunni á fjármála-mörkuðum, en fjárfestingarbankinn Askar Capital, sem er að stærstum hluta í eigu Milestone, er meðal fjármálaþjónuð sem brenndu sig á fjárfestingum í skuldabréfavöndlum tengdum undirmálslánnum á bandarískum fasteignamarkaði. „Þetta voru hins vegar afurðir sem virtustu matsfyrirtæki heims voru búin að fara í gegnum og segja að væru jafnóruggar eignir og til dæmis skuldabréf bandaríska ríkisins. Spurningarnar sem vakna um matsfyrirtækin eru því kannski áleitnari en um þá sem tóku ákvarðanir um þessar fjárfestingar,“ segir hann.

Þá segir Karl að færa verði Seðlabankanum vopn sem býti í baráttu við verðbólgu og stingur upp á afnámi verðtryggðra lána og upptöku fljótandi vaxta á fasteignalán sem fylgi stýrivöxtum. Um leið telur hann að afnema eigi verndartolla og stuðla með því að lækka á matarverðs og annarri verðhjöðnun. „Við höfum sjálf yfir að ráða þeim meðölum sem þarf til að lækka vöruverð og slá á þenslu og þurfum ekki Evrópusambandið til,“ segir hann.

Sjá síðu 8-9

Rætt við evrópska seðlabankann

Seðlabankinn ræðir við erlenda seðlabanka. Markaðsaðstæður þykja erfiðar.

„Það er verið að kanna leiðir til að koma með erlent fjármagn inn í landið,“ segir Sturla Pálsson, yfirmaður alþjóðasviðs Seðlabankans.

Hann segir að vinna af þessu tagi verði að fá að hafa sinn gang áður en meira verði gefið upp um stöðu mála. Hann vill ekkert um það segja hvort leitað sé gjald-eyrisskiptasamninga, lánalína eða fjármögnunar af öðru tagi.

Heimildir Markaðarins herma að rætt sé við seðlabanka Evrópu og aðra seðlabanka; öll mál séu í athugun í bankanum. Sturla vill ekkert segja um hvort leitað sé til evrópska bankans, breska eða bandaríska.

„Tíminn er dýrmætur,“ segir Sturla, spurður hvenær niðurstöðu sé að vænta. Hann segist enn fremur ekkert geta sagt um hvaða kjör séu í boði. „Markaðir

hafa verið erfiðir en ég get ekki útilokað að við fáum sæmileg kjör.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á ársfundi Seðlabankans að bankinn kannaði hvort hann gæti unnið með seðlabönkum í þeim ríkjum þar sem íslensku bankarnir eru umsvifamiklir. Þeir starfa, auk Norðurlandanna, í Bretlandi og á evrusvæðinu.

- ikh / Sjá síðu 2 og 6

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

Landsbankinn

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

- ISK 15,1%*
- GBP 5,6%*
- USD 3,8%*
- EUR 4,0%*
- CAD 4,4%*
- DKK 4,5%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveyrissreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum um haldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. feb. - 3. mars 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	1,1%	-25,6%
Bakkavör	4,7%	-29,4%
Exista	-0,8%	-47,3%
FL Group	-3,9%	-56,5%
Glitnir	1,5%	-21,4%
Eimskipafélagið	-8,5%	-33,3%
Icelandair	2,5%	-9,9%
Kaupþing	7,9%	-8,8%
Landsbankinn	2,4%	-16,6%
Marel	3,7%	-9,3%
SPRON	-1,6%	-53,0%
Straumur	4,8%	-22,3%
Teymi	-2,1%	-27,8%
Össur	5,2%	-5,9%

Miðað við Kauphallarstöðu kl. 15:45 á þriðjudag.

Ódýrar létteinkapötur í loftið í haust

„Venjulegar einkapötur eru allt of stórar fyrir tvo til þrjú. Það er brúðl,“ segir Einar Arnarsson, framkvæmdastjóri Accel Jet.

Fyrirtækið hefur í bígerð að bjóða upp á leigu einkapöta, fyrir allt að fjóra, með haustinu. Leigupötur eru byggðar á nýrri tækni og eru úr sérstökum léttmálm, eyðslugrenni og mun ódýrari en hefðbundnar pötur. Þá er rúmlega helmingi ódýrara að leigja þær en venjulegar einkapötur, að sögn Einars.

Rekstur sem þessi er nýr af nálinni jafnt hér heima og í Evrópu. Svipaðar léttleiguvélar fóru fyrst í loftið í Bandaríkjunum á síðasta ári en stærsta fyrirtækið þar í landi, DayJet, ætlar að halda úti tvö þúsund vélum á næstunni.

Accel Jet, sem ætlar að kynna starfsemi sína fyrir fjárfestum á fjárfestingi Seed Forum á



EINAR ARNARSSON
Fyrirtækið Accel Jet stefnir að því að leigja smáar, létta einkapötur með haustinu.

MARKAÐURINN/ANTON

föstudag, hefur pantað nokkrar leiguvélar og er reiknað með að allt að tíu vélar verði í flugi undir merkjum fyrirtækisins hér heima og í Evrópu eftir þrjú ár.

Exista færirst nær markinu

Eigendur 44,2 prósent hlutfjár í Skiptum, móðurfélagi Símans, höfðu í gærmorgun tekið yfirtöku tilboði Existu í félagið.

Exista á fyrir 43,7 prósent hlut í Skiptum. Sé hann talinn með hefur félagið því tryggt sér 87,9 prósent hlut og þarf aðeins 2,1 prósent til viðbótar áður en Exista getur krafist þess að aðrir hluthafar selji hluti sína.

Utanþingsviðskipti voru með bréf í Existu upp á rúman 21,6 milljarð króna í Kauphöll Íslands skömmu eftir hádegi í gær. Yfirtöku tilboðið gildir til 26. maí. - jab

Úrvalsvísitalan lækkaði mest

Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands lækkaði mest allra vísitalna í þróaðri löndum á fyrsta ársfjórðungi, sem lauk á mánudag. Mest féllu bréf í Icelandic Group, FL Group og SPRON á tímabilinu.

Úrvalsvísitalan féll um 20,1 samanborið við sjö prósent fall C-20-vísitölunnar í Kaupmannahöfn. Þá féll Dax-vísitalan í Þýskalandi um níttján prósent, sem jafnframt er næstmesta fallið á eftir úrvalsvísitölunni.

Ólíkt öðrum vísitölum vegur hlutfall fjármálfyrirtækja þungt, um 80 prósent, í íslensku vísitölunni og líkist hún meira fjármála-



MIÐLARAR AÐ STÖRFUM Úrvalsvísitalan féll um tuttugu prósent á fyrsta fjórðungi ársins, sem er mesta lækkunin á þróaðri mörkuðum.

MARKAÐURINN/VALLI

vísitölu en blandaðri vísitölum. Fjármálfyrirtækin hafa einmitt komið verst út úr niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum víða um heim og skýrir það fall vísitölunnar að mestu leyti.

Verri horfur vegna skorts á upplýsingum

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur breytt horfum á láns-hæfismati ríkisins í neikvæðar. Sama hefur matsfyrirtækið Fitch Ratings gert, bæði gagnvart ríkinu og bönkunum.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Ég átti satt best að segja von á því að tilkynnt yrði um að unnið væri að lántöku og að tilkynnt yrði um einhvers konar gjaldeyrisskiptasamninga,“ segir Þóroldur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, um ársfund Seðlabankans sem haldinn var á föstudag.

Standard & Poor's hefur nú breytt horfum í láns-hæfi ríkissjóðs vegna langtímaskuldbindinga í neikvæðar, vegna skorts á upplýsingum um hvernig brugðist verði við efnahagsástandinu. Sama gerir Fitch Ratings, sem segir að þrátt fyrir að ríkissjóður Íslands sé sterkur og skuldlaus sé stærð fjármálakerfisins nálægt 900 prósentum af þjóðarframleiðslu. Þetta undirstreiki mikilvægi þess að stjórnvöld útlísi viðbrögð sín við hugsanlegri bankakreppu, sem sýni styrk og endurveki traust á íslensku bönkunum.

Jafnframt áréttar Fitch að ríkissjóður hafi fjölda kosta til fjármögnunar.

„Það var erfitt að finna betri vettvangur fyrir Seðlabanka og stjórnvöld til að koma á framfæri hugsanlegri greiningu sinni á vandræðum á fjármálamörkuðum. Jafnframt hefði ársfundurinn verið kjörinn vettvangur til að kynna aðgerðir,“ segir Þóroldur Matthíasson, um ársfundinn. Hins vegar hefði hvorki í máli forsætisráðherra né Seðlabankastjóra verið að finna skarpa greiningu á ástandinu né nákvæmrar útlistunar á aðgerðum.

„Vísad er til þess að ríkissjóður muni koma bönkunum til bjargar án þess að fjallað sé um það í hvaða formi slík björgun yrði,“ segir Þóroldur.

„Þetta staðfestir það sem við höfum sagt um að það liggi á að stjórnvöld kynni úrræði til að tryggja aðgang fjármálakerfisins að lausafé í erlendri mynt og styrki gjaldeyrisfordann. Hver dagur skiptir máli, því staðan getur breyst mjög fljótt,



FORSÆTISRÁÐHERRA OG SEÐLABANKASTJÓRA Á ársfundi Seðlabankans. Prófessor við Háskóla Íslands telur að þá hefði verið upplagt tækifæri til að kynna aðgerðir. Yfirmaður Greiningardeildar Landsbankans vonast eftir tilkynningu stjórnvalda í þessari viku.

eins og matsfyrirtækin benda á,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, yfirmaður greiningardeildar Landsbankans, sem bindur vonir við að tilkynning berist frá stjórnvöldum í þessari viku.

Fitch Ratings hefur einnig breytt horfum á láns-hæfismati Kaupþings, Glitnis og Landsbanka í neikvæðar. Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar að minnkandi traust á íslenskum bönkum geti aukið áhættu á ófyrirsjáanlegum samdrætti í lausafé, enda þótt lausafé bankanna þriggja sé fullnægjandi eins og er. Þá minnki gæði eigna, rekstrarárangur verði neikvæður og hætta á harðri lendingu í hagkerfinu aukist, lækki gengi krónunnar skarpt.

Í tilkynningunni segir að Fitch telji engu að síður að bankarnir þurfi ekki að sækja fé á fjármagnsmarkaði á næstu mánuðum og grunnrekstur þeirra sé traustur.

Kaupþing lánar SPRON

Fá fimm milljarða króna víkjandi lán til tíu ára.

SPRON hefur tekið víkjandi lán að upphæð fimm milljarðar króna frá Kaupþingi, samkvæmt tilkynningu til Kauphallar í gær.

Lánið er til tíu ára og segir Valgeir M. Baldursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs SPRON, lánakjörin ásætlanleg markaðskjör, miðað við stöðuna á fjármálamörkuðum. Víkjandi lán eru lán sem flokkast sem

eigið fé fyrirtækja og víkja fyrir öðrum skuldbindingum.

„Með þessu styrkjum við eigin-fjárstöðu SPRON,“ segir Valgeir og bætir við að þar á bæ, sem víðar, séu menn uppteknir af því að enn sjái ekki alveg til lands í því ástandi sem plagar fjármálamarkaði. „Þetta er hins vegar alls ekki í neinu fátí gert heldur til að styrkja stöðuna og hafa enn lengra þol en annars væri.“ - óká

Íbúðalánasjóður frestar útboðinu

„Útlánin voru nokkru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir á fyrsta fjórðungi ársins og lausafjárstaða sjóðsins er góð,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Sjóðurinn segist í tilkynningu til Kauphallarinnar ekki munu gefa út nein ný íbúðabréf á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er þvert á

áætlanir sjóðsins. Þar var gert ráð fyrir að íbúðabréf fyrir á bilinu ellefu til þrettán milljarða króna yrðu gefin út á fyrsta fjórðungi.

„Við erum ekki að fella þetta niður,“ segir Guðmundur, „þetta færirst líklega yfir á annan fjórðung, en við birtum áætlun um þetta, væntanlega í vikunni.“

- ikh



Stytttri siglingatími, bætt þjónusta.

Jónar Transport bjóða nú upp á mun styttri afhendingartíma á sjöflutningum frá Bretlandi. Vegna breytinga á siglingaáætlunum getum við nú komið vörum frá Immingham á fimmtudegi og haft þær tilbúnar til losunar í Reykjavík á mánudagsmorgni. Nýttu þér hraða, trausta og persónulega þjónustu okkar.

Jónar Transport

www.jonar.is



Það er svalt á toppnum

Besta ávöxtunin 2007*

Alþjóðleg hlutabréf – markaðir

SPRON Verðbréf

BRIK hlutabréfasjóðurinn



BRIK hlutabréfasjóðurinn er alþjóðlegur sjóðasjóður með þá meginstefnu að fjárfesta einkum í Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína.

Kynntu þér nánar kosti BRIK hlutabréfasjóðsins á www.spronverdbref.is eða í síma 550 1310.

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Frakkar fengu sænska vodkann

Franski líkkjörarinn Pernod Ricard bar sig úr bytum í gær í miklu tilboðskapphlaupi um sænska áfengisframleiðandann Vin & Sprit. Fyrirtækið framleiðir meðal annars Absolut-vodkann, sem Íslendingar þekkja orðið ágætlega.

Kaupverð nemur 55 milljörðum sænskra króna, jafnvirði rúmra 725 milljarða íslenskra, og var þetta stærsta einkavæðing sænska ríkisins til þessa.

Baráttan um ríkisrekna áfengisframleiðandann hefur staðið yfir frá því í fyrra og hefur marga fýst í vodkadropann.

Um 2.500 manns starfa hjá Vin & Sprit í tíu löndum og nam velta fyrirtækisins rúmum níu milljörðum sænskra króna. Mikil áhersla hefur verið á að halda stærstum hluta framleiðslunnar í Svíþjóð, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Absolut er fjórða vinsælasta sterka áfengistegundin í heiminum á eftir Smirnoff, rommi frá

Bacardi og viskiinu undir merkjum Johnnie Walker en öll fyrirtækin sem framleiða þessa áfengu drykki sóttust eftir því á tímabili að kaupa Vin & Sprit.

- jab



Óvíst um söluna á Somerfield

Aðeins einn bauð í Somerfield, sjötta stærsta stórmarkað Bretlands, og munu stærstu eigendur vera að íhuga hvort sölufrelsi verði dregið til baka.

Stærstu hluthafar verslanakeðjunnar eru fjárfestingamógullinn Robert Tchenguiz, stjórnarmaður í Existu, fjárfestingarfélagið Apax Partners og fleiri. Þá var Kaupþing, sem hefur fjármagnað fyrirtækjakaup Tchenguiz, skráð fyrir níu prósentu hlut í þriggja mánaða uppgjöri bankans í fyrra.

Breska dagblaðið Times segir tilboðið, sem verslanakeðjan Co-op gerði, ein af þeim stærstu á

Bretlandseyjum, liggja talsvert undir væntingum hluthafa, sem höfðu reiknað með um tveimur til 2,5 milljörðum punda í verslunina. Það jafngildir rúmum 300 milljörðum íslenskra króna.

Þá segir að Tchenguiz, sem þrífaldlega hefur verið sagður eiga í fjárhagsörðugleikum eftir niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum, þrýsti á um söluna á meðan Apax vilji setja hana á salt þar til hretinu sloti í hlutabréfamarkaði. - jab

GENGIÐ FRAMHJÁ SOMERFIELD Mun færri buðu í verslanakeðjuna Somerfield en búist var við. Vangaveltur eru um að salan verði dregin til baka. MARKAÐURINN/APP



Baugur í breskri uppstokkun

Talsverðar líkur eru taldar á því að Baugur muni þrýsta á ný á um afgerandi breytingar á bresku verslanakeðjunni Woolworths.

Baugur á tíu prósentu hlut í Woolworths í gegnum fjárfestingararminn Unity Investment, sem það heldur úti í félagi við FL Group og breska athafnamanninn Kevin Stanford.

Woolworths birtir afkomutölur sínar síðar í vikunni. Reksturinn hefur ekki gengið sem skyldi síðustu ár, talið er að félagið hafi tapað 130 milljónum punda, 20 milljörðum króna, í fyrra, og eru yfirgnæfandi líkur á að arðgreiðslur fyrir síðasta ár verði skornar niður um helming.

Baugur hefur lengi þrýst á um hagræðingu í rekstri Woolworths og Jón Ásgeir Jóhannesson, þáverandi forstjóri Baugs, farið hörðum orðum um stjórn-



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Líkur eru á að Baugur muni krefjast uppstokkunar á rekstri bresku verslunarinnar Woolworths á næstu dögum. MARKAÐURINN/HEIDA

endur verslunarinnar á opinberum vettvangi. Þá segja fjölmiðlar, með Sunday Times og Telegraph í fararbroddi, að Baugsmenn muni þrýsta á um uppstokkun í rekstrinum enn á ný í vikunni. Aðskilnað nytja- og matvöru-deilda frá afþreyingunni beri hæst enda felist þar mestu verðmætin, að mati blaðanna. - jab

Ríkið fylgist betur með fjármámalífinu

Bandarísk stjórnvöld hyggjast fylgjast betur með vafstri fjármálafyrirtækja. Þau vilja grípa inn í reksturinn þyki tilefni til.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, kynnti á mánudag byltingarkenndar tillögur bandarísku ríkisstjórnarinnar er varða eftirlit með þarlendum fjármála- og tryggingafyrirtækjum. Viðlíka inngríp í bandarískan fyrirtækjarekstur hefur ekki verið kynnt til sögunnar síðan í aðdraganda kreppunnar miklu í lok þriðja áratugar síðustu aldar og sýnir það vel þann vanda sem bandarísk stjórnvöld og seðlabanki standa frammi fyrir nú um stundir.

Í tillögnum felst að bandaríski seðlabankinn fær leyfi til að fetta fingur út í það sem honum þykir aflaga hafa farið í rekstri fjármála- og tryggingafyrirtækja. Engar takmarkanir eru settar á stærð og umsvif fyrirtækjanna sem geta komið undir arnaraugu seðlabankans; allt frá stórum fjárfestingarþöngum með starfsemi víða um heim til lítilla fasteignalána- og tryggingafyrirtækja með starfsemi á afmörkuðum svæðum. Þá er enn fremur lagt til að rekstur fimm eftirlitsstofnana verði færður undir einn hatt. Nokkrar stofnananna vinna enn eftir reglugerðum sem tóku gildi á dögum borgarastríðsins í Bandaríkjunum um miðbik nítjándu aldar og því farið að slá í nokkrar þeirra.

Paulson sagði meðal annars tillögurnar til þess fallnar að tryggja stöðugleika í bandarísku fjármála- og efnahagslífi. Stjórnvöldum væri ekki aðeins umhugað um bandaríska fjárfesta og hluthafa í þarlendum fyrirtækjum heldur þegna lands og þjóðar. Enn á eftir að leggja tillögurnar fyrir bandaríska þingið og er reiknað með löngum umræðum um þær. Mun það að líkindum falla í hlut nýrrar ríkisstjórnar að vinna eftir lögunum verði þau samþykkt, að mati Paulsons.

Tillögurnar hafa mætt harðri gagnrýni úr röðum demókrata á bandaríska þinginu, sem telja þær takmarkaðar. Þótt tillögurnar geti vissulega sett



FJÁRMÁLARÁÐHERRANN GENGUR Á BRAUT Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, kynnti á mánudag viðamiklar tillögur sem gera eiga eftirlit með bandarískum fjármála- og tryggingafyrirtækjum skilvirkara. Viðlíka inngríp í bandarískan fyrirtækjarekstur hefur ekki sést síðan í byrjun kreppunnar miklu snemma á síðustu öld. MARKAÐURINN/APP

fyrirtækjum ákveðnar skorður nái þær ekki yfir rannsókn á meintum svikum og glæfralegum útlánunum fasteigna- og verðbréfafyrirtækja sem rót eru talin eiga að hluta í lausafjárþurrðinni á fjármálamörkuðum.

Paulson sagði ekki mega kenna fjármálafyrirtækjum einum um ástandið nú, sem beit að ráði í ágúst í fyrra og hefur varað síðan. „Það er ekki rétt að kenna núverandi eftirliti um ástand mála,“ sagði hann og bætti við að jafnvel væri ekki tryggt að skilvirkara eftirlit kæmi í veg fyrir slíkar hremmingar. „Enda virðist sem erfiðleikar á fjármálamörkuðum komi upp á fimmtíu til tíu ára fresti,“ hafði Associated Press-fréttastofan eftir honum.

Mjög dregur úr yfirtökum og samrunum fyrirtækja

Mjög dró úr yfirtökum og samrunum fyrirtækja á nýliðnum ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra. Umsvifin hafa ekki verið með minna móti síðan árið 2004, samkvæmt Bloomberg-fréttaveitunni.

Munar um hátt álag á lánsfé og óróleika á fjármálamörkuðum sem hafi gert skuldsattar yfirtökur afar kostnaðarsamar.

Fréttaveitunni telst til að verðmæti yfirtaka hafi numið 625 milljörðum dala á fjórðungnum, jafnvirði rúmra 47 þúsund milljarða króna, á heimsvísu. Þetta er fjörutíu prósentu samdráttur frá sama tíma í fyrra. Mestur er samdrátturinn hjá einkaframtakssjóðum (e. private equity), eða 71 prósent.


Bloomberg hefur eftir Tony Burgess, yfirmanni hjá Deutsche



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Novator, félag í eigu Björgólfs Thors, yfirtók Actavis um mitt síðasta árs. Mjög hefur dregið úr yfirtökum á fyrsta fjórðungi ársins. MARKAÐURINN/VALLI

Bank, sem sér um yfirtökutökur, að skýrustu merkin liggja í færri skuldabréfaútgáfum og sambankalánunum, sem hafi fækkað um tæpan helming frá í fyrra. Flestar yfirtökurnar hafi átt sér stað í iðnaði, mest á nýmörkuðum í Asíu. Ekki megi reikna með að byrlegar blási fyrr en eftir um hálf ári, að sögn Bloomberg. - jab

ERTU BÚINN AÐ KAUPA EN EKKI SELJA?



Brúarlán Netbankans er þægileg leið til að brúa bilið frá kaupum á nýrri íbúð til sölu á þeirri gömlu. Farðu á www.nb.is og kynntu þér málið eða fáðu nánari upplýsingar í síma 550 1800.

Netbankinn



Meiri tími ...

Fjarfundalausnir Nýherja veita þér aukinn tíma

Með fjarfundalausnum Nýherja spara fyrirtæki drjúgan tíma og geta dregið verulega úr ferðakostnaði jafnframt því sem skilvirkni eykst og minni tími fer í ákvarðanatöku. Fjarfundalausnir greiða auk þess fyrir nánnum samskiptum og árangursríkri samvinnu. Með fjarfundalausnum Nýherja verða samskipti við samstarfsaðila, birgja og viðskiptavinum markvissari og hagkvæmari en nokkru sinni fyrr.

„LSH og Nýherji hafa starfað náið saman að uppbyggingu fjarfundalausna spítalans í fjölda ára. Núverandi fjarfundalausn hefur tryggt starfsmönnum LSH og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni auðveldan og hagkvæman aðgang að fyrirlesturum og námskeiðum í heilbrigðisfræðum með rauntímaaðgangi.“

Porgeir Pálsson, sviðsstjóri Heilbrigðistæknisviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamtæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.

Reynt að semja um fjárhagslegt bakland erlendis

Seðlabankinn ræðir við erlenda seðlabanka og fleiri um samning um gjaldmiðlaskipti. Einnig stendur til að taka erlent lán til að styrkja gjaldeyrisforðann. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Ingimar Karl Helgason fóru yfir viðbrögð erlendra seðlabanka og Seðlabanka Íslands í heimi alþjóðlegra hræringa.*

Eins er verðugt að kanna hvort Seðlabankinn geti tekið upp samstarf við seðlabanka í þeim ríkjum þar sem íslensku bankarnir eru umsvifamiklir,“ var meðal þess sem Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á ársfundi Seðlabankans á föstudag. Þessi mál eru í vinnslu en fátt gefið um stöðuna.

RÝMKAB FYRIR BANKANA

Stjórnvöld hafa þó þegar hrundið í framkvæmd ýmsum aðgerðum til að rýmka um fyrir bönkum.

Seðlabankinn ákvað á dögunum að draga út bindiskyldu þeirra auk fleiri aðgerða.

Sumir hafa óskað þess að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti. Forðæmi séu um slíkt erlendis.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabankanum, benti á það í grein á dögunum að Frederic Mishkin, einn stjórnenda seðlabanka Bandaríkjanna, hefði sagt að til þess að grípa til slíkra aðgerða þyrftu menn að hafa áunnið sér trúverðugleika í baráttunni við verðbólgu. Verðbólga hefur verið vaxandi hér, þrátt fyrir hækkandi vexti.

ÆTLA AÐ HLAUÐA UNDIR BAGGA

„[R]íkissjóður hefur mikinn fjárhagslegan styrk og getur tekið að láni verulegar fjárhæðir ef á þarf að halda,“ sagði Geir H. Haarde

forsætisráðherra í ræðu sinni á föstudag. Hann tjáði sig þó ekkert nánar um það, en fullyrti að ríkissjóður og Seðlabankinn myndu hlaupa undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu.

Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, nefndi á flokkstjórnarfundum Samfylkingarinnar um helgina að ríkissjóður kynni að geta tekið 4-500 milljarða króna að láni.

Hins vegar er óvíst hvaða kjör ríkið gæti fengið, en tryggingaálag þess er mjög hátt um þessar mundir. Svo hátt að viðmælendur Markaðarins hafa talað um okurkjör. Sturla Pálsson, yfirmaður Alþjóðasviðs Seðlabankans, útilokar þó ekki að hægt sé að fá fé að utan á góðum kjörum.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segist ekkert geta frætt lesendur Markaðarins um erlendar lántökur ríkissjóðs, upphæðir eða kjör. „Stefna í þessum efnum var kynnt fyrir tveimur árum og við höfum hægt og bitandi verið að styrkja gjaldeyrisforðann.“ Í hitteðfyrri var tekið erlent lán að upphæð einn milljarður evra til fimm ára.

SAMKOMULAG VID SEÐLABANKA

Til er viljayfirlýsing norræna seðlabanka um að þeir komi hver öðrum til bjargar, lendi banki í greiðsluþroti. Forsendur þessa samstarfs hafa raunar breyst

frá því að Finnar urðu aðilar að evrópska myntbandalaginu.

Seðlabankinn gæti einnig reynt að gera gjaldeyrisriktasamninga við stórar fjármálastofnanir líkt og Evrópska seðlabankann, þann bandaríska eða þann breska. Ekki hafa áður verið gerðir gjaldeyrisriktasamningar við þessa seðlabanka, né samningar um sérstakan stuðning, eftir því sem næst verður komist. Unnið er að þessu nú. Merrill Lynch hefur einnig nefnt Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

GJALDEYRISFORÐINN STERKUR

Davíð Oddsson Seðlabankastjóri sagði á ársfundinum að gjaldeyrisforðinn hefði aldrei verið stærri og eigið fé bankans aldrei meira.

„Á móti er bent á að bankarnir hafi stækkað mikið og því sé forðinn hlutfallslega minni en áður, eins og það er orðað. Rétt er að athuga að bankar hér sem annars staðar reka starfsemi sína á eigin ábyrgð og þurfa að sýna fyrirhyggju og trausta áhættu-stýringu,“ sagði hann og bætti því við að fjármögnunarstaða bankanna væri síst lakari en sambærilegra erlendra banka. „Þeir þurfa því ekki að leita á óhagstæða lánamarkaði á undan öðrum. Hinu er ekki að neita að heildarskuldir þjóðarbúsins eru of háar og má rekja þær til ákvarðana fjármála-fyrirtækja og annarra fyrirtækja á markaði.“

ENDURSKOÐUN PENINGASTEFNUNNAR

Seðlabankinn hefur um langt skeið haldið stýrivöxtum háum. Yfirlýst markmið bankans er barátta gegn verðbólgu. Hún hefur aukist þrátt fyrir háa vexti. Háir vextir hafa líka haldið gengi krónunnar háu. Það hefur aftur haft í för með sér eftirspurn eftir íslenska gjald-

miðlinum. Hins vegar virðist þetta samband ekki endilega vera fyrir hendi nú.

Geir H. Haarde lýsti því yfir á ársfundi Seðlabankans að tímabært væri að fá bæði innlenda og erlenda sérfræðinga til að meta hvornig til hefði tekist með peningastefnunna, þegar hægst hefði um.

Viðbrögðin komu of seint

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, var harðlega gagnrýndur fyrir það í enda fyrrasumars að láta hjá líða að bregðast við merkjum um samdrátt í einkaneyslu í skugga vanskilaaukningar á svokölluðum undirmálslánamarkaði í Bandaríkjunum og vísbendingum um yfirvofandi lausafjárþurrð, sem batt aftur hendur skuldsettra fjárfesta.

Vísaði hann til þess að hlutverk seðlabankans væri að halda verðbólgu niðri.

Henry Paulson, fjármálaráðherra landsins, gerðist jafnvel svo djarfur að neita að bregðast við þrengingum í hópi fjárfesta sem teft höfðu djærft á fjármálamörkuðum með ódýrt lánsfé að vopni. Þau gátu sjálfum sér um kennt að hafa málað sig út í horn, líkt og Associated Press-fréttastofan hafði eftir honum á sínum tíma. Svipaða sögu var að segja um fasteignalánafyrirtækin, sem sum hver höfðu lánað meir en viðskiptavinir gátu staðið undir.

Seðlabankinn dró í land með haustinu enda aðstæður í efnahagslífinu orðnar slíkar að samdráttur í einkaneyslu gæti ógnað bandarísku efnahagslífi.

Seðlabankar nokkurra af stærstu hagkerfum hins vestræna heims hafa nú ítrekað tekið höndum saman til að auka magn peninga í umferð, bæði í





SEÐLABANKASTJÓRINN Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur verið gagnrýndur fyrir að bregðast of seint við váboðum í bandarískum efnahagslífi.

MARKAÐURINN/AP

formi millibankalána með lægri vöxtum en gengur og sérstakra lánalína á góðum kjörum, auk þess sem fjármálafræðingur hefur gefist kostur á að sækja sér sérstök neyðarlán til þrautavara ef í harðbakkann slær.

Bandaríski seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti grimmt, þar af þrisvar á þessu ári. Þeir standa í 2,25 prósentum og spá fjármála-sérfræðingar því að þeir muni fara neðar, jafnvel standa nálægt einu prósentu um næstu áramót. Seðlabankar í Bretlandi og á evrusvæðinu hafa hins vegar verið tregir til, sérstaklega sá síðastnefndi.

Mál manna er að seðlabankastjórn Bandaríkjanna og Bretlands hafi brugðist seint við váboðum, jafnvel gert illt verra, að mati vikuritsins Fortune. Því til sönnunar hefur gengi Bandaríkjadalsfallið hratt samhlíða snarpri lækku stýrivaxta og gengi breska pundins gefið lítillega eftir en evran styrkst. Heldur er farið að hitna undir sæti Bernankes og ekki útilokað að nýr maður taki við skútunni þegar tímabili hans lýkur eftir tvö ár, að sögn blaðsins. - jab



NÚ ERU TÆKIFÆRI Í VERÐTRYGGÐUM SKULDABRÉFUM

Með vaxandi verðbólgu eru verðtryggðir skuldabréfasjóðir góður og traustur fjárfestingakostur. Glitnir býður fjóra slíka sjóði sem fjárfesta bæði í ríkistryggðum sem og öðrum skuldabréfum. Kynntu þér kosti skuldabréfasjóða Glitnis. Hver þeirra hentar þér best?

SJÓÐUR 1
11,0%*
MEDALLÖNG
SKULDABRÉF
Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 5
13,1%*
MEDALLÖNG
RÍKISSKULDABRÉF
Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 7
11,9%*
LÖNG
RÍKISSKULDABRÉF
Fjárfestingatími 2-4 ár

SJÓÐUR 11
9,4%*
LÖNG
FYRIRTÆKJABRÉF
Fjárfestingatími 2-4 ár

*Árleg nafnvöxtun m.v. sl. 12 mánuði skv. www.sjodir.is. Vöxtun í fortíð er ekki ávísun á vöxtun í framtíð. Sjóður 1, 5, 7 og 11 eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Glitnir sjóðir er rekstrarfélag sjóðanna. Nánari upplýsingar er að finna á www.glitnir.is.



REPUBLIC OF Fritz Hansen®

Sjöan
Hönnuður Arne Jacobsen

Laus sæti



Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Knoll
Chadwick
með örmum
Hönnuður Don Chadwick

Spila sókn en ekki vörn

Milestone hyggst færa allar íslenskar eigur félagsins undir sænska fjármálafyrirtækið Invik. Í viðtali við Óla Kristján Ármannsson segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, búið að marka skýra stefnu til framtíðar með sókn inn á norrænan fjármálamarkað. Innan tveggja ára er stefnt að skráningu Invik í OMX Nordic Exchange-kauphöllina í Stokkhólmi. Þegar er hafinn undirbúningur að því að skerpa áherslur í rekstrinum, svo sem með sölu á lyfjastarfsemi út úr samstæðu Milestone.

Víð spilum sókn en ekki vörn," segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, glaðbeittur þegar hann er spurður að því hvort félagið sé á flótta með fyrirtæki sín úr landi. Þegar ársuppgjör Milestone var kynnt í byrjun mars var upplýst að frá og með þessu ári yrðu öll fyrirtæki Milestone dótturfélög sænsku fjármálasamstæðunnar Invik, þar á meðal Sjóvá, Askar Capital og Avant, en Invik yrði eftir sem áður dótturfélag Milestone. Karl segir búið að marka stefnu til framtíðar þar sem unnið sé að straumlínulögun fyrirtækjastarfsemi Milestone og sókn inn á norrænan fjármálamarkað. Tekin hefur verið ákvörðun um að skrá Invik í framhaldinu í sænsku Nasdaq OMX-kauphöllina.

Karl segir þær breytingar sem félagið gangi nú í gegnum og séu í vændum eiga sér nokkurn aðdraganda. „Segja má að sagan hefjist árið 2004 þegar við ákveðum að taka þátt í uppbyggingu fjármála-

markaðar hér á landi og tökum að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka, sem síðar varð Glitni. Þessi kaup voru gerð með því markmiði að við gætum haft áhrif á stefnu og framtíð bankans. Í framhaldinu markaði ný stjórn bankans með fulltrúum Milestone þá stefnu að fara í útrás.“ Útrás bankans var beint til Norðurlanda og segir Karl markmiðið hafa verið að byggja upp fjármálaþjónustu á Norðurlöndum. „Eftir þessu skipulagi var mjög markvisst unnið, allt þar til við og félagar okkar seljum stærstan hlut okkar í bankanum á síðasta ári.“ Hann segir Milestone í raun hafa litið á Glitni sem nokkurs konar stökkpall yfir í norrænan fjármálamarkað, en eftir að fyrirtækið hafi selt megnið af hlut sínum í bankanum, hafi hlutverk Milestone breyst. „Við höfðum gert nokkrar góðar fjárfestingar og uppbygging gengið vel og við töldum mjög rökrétt framhald

að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hafði verið og var fólgin í því að byggja upp norrænt félag í fjármálaþjónustu. Við tilkynnum enda kaupin á Invik um þremur vikum eftir að við seljum stærstan hlut okkar í Glitni.“

SMÆÐ MARKAÐAR HÉR SKIPTIR MÁLI

Í tilfærslum síðasta árs og áherslubreytingum segir Karl Milestone hafa færst frá því að vera fjárfestingarfélag yfir í að vera fyrirtæki með rekstur á sviði fjármálaþjónustu. „Kaupin á Invik voru hins

vegar svo stór að efnahagsreikningur okkar tvöfaldast í raun og hefur reynst töluverð vinna að samþætta starfsemi og koma í það horf sem við viljum sjá," segir Karl og kveður mikinn samhljóm með starfsemi Invik og Milestone. Stoðirnar þrjár sem Invik standi á séu sérhæfð bankastarfsemi, eignastýring og tryggingarekstur.

„Þetta passar mjög vel við þá starfsemi sem Milestone var aðallega í hér heima, rekstri tryggingafélags og uppbyggingu sérhæfðs banka.“ Jafnframt segir hann þá stefnu hafa verið markaða að við hafa svipaðar áherslur og þegar fjárfest var í Glitni, að gott gæti verið að tengjast einu eða fleiri fjármálafyrirtækjum á norræna markaðnum með það að markmiði að eiga samstarf og taka eftir atvikum þátt í að umbreyta slíkum félögum. „Með það að markmiði keyptum við okkur upp í tíu prósent hlut í Carnegie, sem er mjög þekkt sænskt fjármálaþjónustufyrirtæki sem starfar á sviði eignastýringar, einkabankþjónustu, tryggingamiðlunar, fyrir-

tækjaráðgjafar og við verðbréfamiðlun. Tekjurnar sem Carnegie er með af sinni starfsemi ríma mjög vel við tekjuflæði Innvik og Milestone í dag. Við lítum á fjárfestinguna í Carnegie sem langtímafjárfestinguna enda höfum við tryggt okkur sautján prósent hlut og forstjóri Invik er jafnframt stjórnarformaður Carnegie.“

Þá ákvörðun að gera Invik að eignarhaldsfélagi fyrir alla starfsemi samstæðunnar segir Karl svo aftur tekna í framhaldi af þeirri ákvörðun að fara með félagið í skráningu á sænskum markaði. „Tíma- setningin hefur hins vegar ekki verið endanlega ákveðin og ræðst bæði af því hvernig gengur að byggja félagið upp og eins af aðstæðum á markaði. Við metum það í samstarfi við okkar ráðgjafa en stefnan hefur mjög ákveðið verið tekin á skráningu innan tveggja ára.“

Karl segir að ákvörðunin um skráningu í Svíþjóð hafi verið tekin á forsendum framtíðarvaxtar félagsins og stöðu þess í dag. „Fyrir liggur að meiri-

HELSTU FYRIRTÆKI SAMSTÆÐU MILESTONE

Fyrirtæki	Land
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Ísland
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	Ísland
SJ1 ehf.	Ísland
SJ2 ehf.	Ísland
SJ-Fasteignir	Ísland
Askar Capital hf.	Ísland
Avant hf.	Ísland
Racon Holdings AB	Svíþjóð
Invik & Co AB	Svíþjóð
Aktie-Ansvar AB	Svíþjóð
Moderna Fonder AB	Svíþjóð
Moderna Försäkringar Liv AB	Svíþjóð
Moderna Försäkringar Sak AB	Svíþjóð
Banque Invik S.A.	Lúxemborg
Þáttur eignarhaldsfélag ehf.	Ísland
L&H eignarhaldsfélag ehf.	Ísland
Lyf og heilsa hf.	Ísland

Heimild: Ársreikningur Milestone 2007



GLAÐBEITTUR VIÐ MERKIÐ Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, horfir björtum augum fram á veginn. Hann segir eignarhlut félagsins í sænska fjármálafyrirtækinu Carnegie vera langtímafjárfestingu sem til greina komi að færa með hlutdeildaraðferð. MARKAÐURINN/GVA

ASKAR CAPITAL

Efasemdir um matsfyrirtækin eru áleitnari en u

Á síðasta ári var fyrsta starfsár fjárfestingarbankans Aska Capital, en Milestone á þar 82 prósent hlut. Segja má að bankinn hafi byrjað í djúpu lauginni, enda yfirlýst markmið að fjárfesta í sérhæfðum fjármálaafurðum. Um mitt síðasta ár komu fram vandamál tengd amerískum undirmálslánun og varð bankinn fyrir áhrifum af þeim væringum.

Karl Wernersson, sem er nýkjörinn stjórnarformaður bankans, er engu að síður ánægður með fyrstu skref bankans og segir að þótt hafi vissulega hafi komið fram hnökrar á fyrstu metrunum megi ekki gleymast á hvaða grunni bankinn hafi verið stofnaður. „Þótt Askar Capital hafi verið nýr banki með nýtt starfsleyfi byggði hann á þremur starfandi fyrirtækjum. Sjóvá hafði rekið í nokkur ár bílalanastarf-

semi sem flutt var yfir til Aska og óx gríðarlega hratt á síðasta ári undir nýju nafni, Avant. Í öðru lagi rann þarna inn fasteignaráðgjafarfyrirtækið Aquila Venture Partners, og sú starfsemi hefur eflst mjög innan veggja Askar Capital með tilkomu nýrra stjórnenda og fjölgun starfsmanna. Í þriðja lagi rann þarna líka inn starfsemi fyrirtækisins Ráðgjöf og efnahagsspár, en það félag var með skuldastýringu fyrir mörg fyrirtæki og ýmsa ráðgjöf á sviði gjaldeyris- og efnahagsmála," segir Karl.

„Það má segja að reksturinn í fyrra hafi skilað hagnaði, nema að við lentum í því eins og margir aðrir að kaupa afurðir tengdar undirmálslánunum á bandarískum fasteignamarkaði. Við, eins og allir aðrir, vorum þarna að binda laust fé í öruggri fjárfestingu með það að markmiði að setja inn í sjóð

og svo hrundi það náttúrulega eins og allir vita og margir sem urðu fyrir gifurlegum áföllum. Þetta

voru hins vegar afurðir sem virtustu matsfyrirtæki heim voru búin að fara í gegn um og segja að

væru jafnörvun um skuldabrotins. Spurning



FRÁ OPUNIN Í RÚMENÍU Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heldur tölu við opnun á skrifstofu Aska Capital í fyrrihaust.

FERMINGARTILBOÐ

sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa



Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233

tækni og afþreying

MIÐVIKUDAGUR 2. APRÍL 2008



NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Tilboð,
frá 16.900,- stgr.

**Sjáðu sjónvarpsefni
beint um gervihnött
með búnaði frá okkur**

Búnaður fyrir heimilið
og sumarbústaðinn

Leiðandi í

- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND

Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is




www.oreind.is


TÖLVULEIKIR



1. Gran Turismo 5: Prologue (PS3)
2. Tom Clancy's Rainbow Six: Vegas 2 (PS3/XBOX360/PC)
3. Mario & Sonic at the Olympic Games (Wii/NDS)
4. Pro Evolution Soccer 2008 (PS3/PS2/PSP/PC/XBOX360/Wii/NDS)



5. Guitar Hero III: Legends of Rock (PS3/PS2/PC/XBOX360/Wii)
6. Sega Superstar Tennis (PS3/PS2/XBOX360/Wii/NDS)
7. Call of Duty 4: Modern Warfare (PS3/PC/XBOX360/NDS)
8. Fifa 08 (PS3/PS2/PSP/PC/XBOX360/Wii/NDS)
9. Army of Two (PS3/XBOX360)
10. Command & Conquer 3: Kane's Wrath (PC)



Meiri bylting en fólk telur

3G hefur opnað ýmsa möguleika fyrir farsímanotendur, sem geta nú skoðað netið í símanum, lesið tölvupóst og spjallað á MSN. Þar að auki er sífellt verið að kynna spennandi nýjungar sem nýta má með 3G.

„Munurinn á GSM og 3G er sá að GSM er farsímakerfi til að hringja símtöl og svo bættist SMS þjónustan við það á sínum tíma. 3G er bæði farsíma- og netkerfi og þar liggur mismunurinn í tækninni,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, og bætir við að 3G sé uppfærsla á GSM-kerfunum og muni taka við af þeim, sem sé eðlileg þróun.

„3G-tækninni má líkja við ADSL þegar það kom fyrst, en þá urðu notkunarmöguleikar netsins meiri. Hraðinn jókst með ADSL, hægt var að horfa á sjónvarp og lifandi efni á netinu, sem í raun var ógerlegt áður,“ útskýrir Liv og bætir við: „3G fylgir að sama skapi aukinn hraði og netnotkun í farsímaþjónustu er möguleg. Þróunin í farsímakerfunum er því sams konar og á netkerfunum. Nýtt er það að þú getur nánast gert allt í símann sem þú getur í tölvunni þinni.“

Liv bendir á að með 3G sé til dæmis hægt að skoða netsíður í farsímanum og lifandi efni eins og sjónvarpsefni – fréttir, tónlistarmyndbönd og fleira – og sýnishorn úr kvikmyndum, en það sé helsta byltingin. „Sjónvarpsþjónustan er vinsælust í dag, þótt margir fái tölvupóst sendan í símann og hafi þar MSN.“

3G hefur að auki opnað fyrir alls kyns aðra möguleika að sögn Liv. „Með tilkomu 3G er hægt að komast á netið hvar sem er í fartölvu. Til er svokallaður 3G-pungur, sem er lítið og meðfærilegt tæki, sem er stungið í USB-tengi á tölvunni og við það næst netsamband. Tengin virka hvar sem er, svo lengi sem farsímasamband næst.“



Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir 3G mun auðveldari í notkun en margir geri sér grein fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Pungurinn gerir fólk kleift að fara á netið, þar sem farsímasamband er fyrir hendi.

Liv nefnir aðra og ekki síður spennandi nýjungar sem nýtist með 3G, hið svokallaða Auga. „Augað er myndavél sem komið er fyrir á tilteknum stað, til dæmis í sumar-bústaðnum. Síðan er hægt að hringja úr farsímanum í Augað, en með því móti er hægt að sjá í

farsímanum það sem Augað sér,“ segir hún og bætir við að myndsímtöl séu einnig skemmtileg nýjungar. Þá er til dæmis hægt að hringja í krakkana frá útlöndum og tala ekki aðeins við þá heldur einnig sjá.

„Flestir nýir farsímar eru líka



Augað er áhugavert öryggistæki, sem eru nýjungar sem nota má með 3G.

3G-símar, þannig að þegar farsíminn er endurnýjaður er um að gera að spyrja hvort hann sé ekki örugglega 3G,“ segir Liv og bætir við að þjónustan sé þar að auki sáraefnöld. „Fólk trúir varla hversu einfalt og handhægt þetta kerfi er.“

- mnr

Njála beint af netinu í mp3-spilarann

Hljodbok.is er fjögurra ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í gerð og útgáfu hljóðbóka á geisladiskum fyrir almennan markað. Fyrirtækið vinnur nú að því að koma hljóðbókunum á mp3-form á netinu.

„Til stendur að hefja sölu á hljóðbókum á netinu, en það ætti að skýrast með vorinu. Þá getur fólk farið á netið og stótt hljóðritaðar bækur og sett þær í mp3-spilarann sinn,“ segir Gísli Helgason, hjá útgáfufyrirtækinu hljodbok.is/hljóðvinnslunni, sem varð til þegar rekstri á hljóðveri Blindrafélagsins var hætt fyrirvaralaust árið 2003.



Dæmi um bækur sem hægt er að fá á geisladiskfomi hjá hljodbok.is, sem ætlar að hefja sölu á bókunum á netinu.

Fyrirtækið gefur bæði út efni á eignum vegum sem og annarra.

Að sögn Gísla hefur fyrirtækið langa reynslu af upptöku hljóðbóka. „Við höfum unnið að gerð og útgáfu hljóðbóka í mörg ár og höfum mikla reynslu af að hljóðrita talað mál. Enda erum við með sérstaklega vandað hljóðver og tækjabúnað sem er sniðinn fyrir slíka framleiðslu. Það getur hver sem er leitað til hljodbok.is sem vill láta hljóðrita fyrir sig efni,“ segir hann og bætir við að mikil áhersla sé á að hafa hljóðupptökurnar sem allra bestar. Enda beri að vanda jafn mikið til gerðar hljóðbóka og þeirra prentuðu.

„Allar okkar hljóðbækur eru til á geisladiskum og höfum við gefið út tuttugu titla síðan hljodbok.is var stofnuð. Úrval bókana má sjá á hljodbok.is. Við reynum alltaf að bæta úrvalið og helst það í hendur við að ná samningum við útgáfendur og höfunda um útgáfu á hljóðbókum,“ segir Gísli og bætir við að að framtíðin liggja í stafrænu formi. Til marks um það gaf fyrirtækið meðal annars nýverið út Njálu bæði á tólf diskum og á mp3-formi.

„Það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér stafrænt form í bókum og öðrum textum og þá þróun er ekki hægt að stöðva,“ segir Gísli.

- mnr



Gísli Helgason, hjá hljodbok.is, hefur áralanga reynslu af gerð hljóðbóka.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

COMFORT
solutions®

By King Koil®



RÝMINGARSALA!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution** verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

á gamla genginu með allt að 30% afslætti.



AVERY
Spine support
(Full XL 135x203)
kr. 84.800

AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 89.900

AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 129.800

AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 68.900

AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.800




Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.



AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýrnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstjöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM

Fyrsta myndavélin

Börn geta verið fyrirtaks myndasmiðir. Þau sjá heiminn með sínum augum og gefa oft öðrum hlutum gaum en þeir sem eldri eru.

Þar sem krakkar eru oft ótrúlega tæknilega sinnaðir geta þeir vel náð leikni í meðferð myndavéla.



Högg og vatnspétt vél sem þolir allt en kostar 30.000 hjá Hans Petersen.



Olympus FE 210 er þægileg vél fyrir byrjendur. Hún tekur líka vídeó. Kostar 13.900 hjá Ormsson.

Nú þarf heldur ekki að kosta mjög mikið að taka myndir þar sem staf-ræna tæknin býður upp á skoðun myndanna í tölvunni heima og framköllunarkostnaður er enginn. Útrentun kostar reyndar sitt þó í heimahúsi sé.

Hjá Hans Petersen fást sérstakar barnavélar sem eru tiltölulega nýkomnar á markaðinn, nettar og meðfærilegar. Kitty heita þær og kosta um 5.000 krónur. Leifur Ýmir Eyjólfsson, sölumaður hjá Hans Petersen í Bankastræti, segir þær gagnast vel ef myndirnar eru skoðaðar í tölvunni en gæðin nægi ekki til útrentunar, upplausnin sé það lítil.

Hann mælir með aðeins dýrari vél ef verið er að



Kodak C7 13 er einföld og þægileg byrjendavél. Fæst hjá Hans Petersen á 9.900.



Barnamyndavélin Kitty fæst hjá Hans Petersen og kostar um 5.000. Myndirnar er einungis hægt að skoða í tölvu.

kaupa á annað borð og bendir á Kodak C7 13, sjö milljón pixla vél með hristivörn. Hún kostar reyndar helmingi meira en barnavélin. „Átta til tíu ára krakkar taka oft skemmtilegar myndir og það er auðvelt að þróa með þeim áhuga á myndatökum með því að treysta þeim fyrir sémilegum verkfærum,“ segir hann.

Leifur nefnir líka vél sem er bæði höggveld og vatnsheld og kostar líka þrjátíu þúsund. „Þetta er hörkumyndavél en ekki ætluð börnum sérstaklega. Ég myndi hins vegar ekki hafa áhyggjur af því þó barnið mitt væri að taka myndir á svona vél þó ég ætli hana, því það væri svo lítil hætta á að eitthvað kæmi fyrir hana. Linsan fer til dæmis ekki út og er ekki



Alls kyns myndavélar eru í boði fyrir unga ljósmyndara, sem geta síðan í sumum tilvikum skoðað myndirnar heima í tölvu.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

nærri eins viðkvæm fyrir vikið.“ Hjá Ormsson verður Rúnar Sigmondsson sölumaður fyrir svörum þegar spurt er um myndavélar sem henta börnum. „Við erum ekki með eitthvað sem heitir barnavél en hins vegar vélar sem eru vinsælar fyrir byrjendur. Þær eru

fyrir AA-raflöður og eins einfaldar í notkun og hægt er,“ segir hann og sýnir vél sem heitir Olympus FE 21. Hún er með 7 milljónir pixla og einnig vídeóupptöku. „Það eru allir ánægðir með þessar vélar,“ segir Rúnar.

-gun

EFÖYefnarafall

hljóðlaus - umhverfisvænn - fisléttur

Bylting í framleiðslu rafmagns fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi og sumarhús.



Verið frjálst og óháð í ferðalaginu.



Alltaf til taks, allan sólarhringinn.



Rafmagnsvandamál úr sögunni.

RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR

- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum.
- Ísetning afar einföld og auðveld.

Eigum örfá tæki á lager á gengi frá janúar 2008



Njótið allra þæginda að heiman, í ferðalaginu.

Við eigum allan rafbúnað sem þig vantar í ferðavagninn



Hágæða, þýskar sólarrafhlöður. Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.



AGM Rafgeymar. Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



12V í 230V spennubreytar 230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



Hleðslutæki Mæljar/rofar og margt fleira.

Fjarorka ehf.

Græn orka er okkar fag

Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566

• ALVÖRU FARTÖLVA FYRIR BÖRN

Proskaleikföng fyrir börn í dag geta spannað allt frá einföldum trékubbum og upp í háþróaðar tölvur.

Íslenska fyrirtækið Mind hefur hannað tölvu fyrir börn á aldrinum þriggja til sjö ára, sem þau geta notað sjálf án aðstoðar fullorðinna. IDO-tölvun er alvöru fartölva, sterkbyggð svo hún þolir hnask og í henni geta börnin til dæmis komist á netið. Allt viðmót er sérhannað fyrir yngstu börnin og er hugbúnaðurinn tölvunnar einnig hannaður af Mind. Tölvun eyðir litlu rafmagni og hitnar lítið svo hún er örugg fyrir börn. Áhersla er lögð á þjálfun fínhyfinga og tals, skapandi hugsun og að barnið fái æfingu í að leysa þrautir. Markmiðið sem fyrirtækið setur sér er að yngstu börnin læri að gera og vera og kynnist heiminum gegnum tölvuna.

Sjá nánar á vef fyrirtækisins: www.mind.is

-rat



Tölvur verða fastur hluti af daglegu lífi komandi kynslóða.

Íslenskar listakonur
fegurð - frumleiki - fagmennska
kíktu við... heitt á könnunni

Gallerí THORS

Opíð virka daga kl. 11-18, laugard. 11-16

Línnetstíg 2 - 220 Hafnarfirði
S. 565 0955 - www.gallerithors.net

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is



FOSFOSER
MEMORY



Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



Frábær fermingartilboð sjá www.svefn.is



Sá nýjasti og besti frá Leggett



Stærstu kírópraktorasamtök heims
mæla með

Chiropractic[®]



Amerísku heilsudýnurnar



Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð og finnið muninn.

VELJUM GÓÐAR HEILSUDÝNUR FYRIR VAXANDI FÓLK!



Dalsbraut 1

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Heilabrot, þrautir og hraðir leikir

Farsímar eru ekki lengur eingöngu hugsaðir sem samskiptatæki heldur miðstöð upplýsinga og afþreyingar. Símafyrirtæki bjóða upp á alls kyns afþreyingu fyrir farsíma og þar eru tölvuleikir vinsælir.

Vodafone er eitt þeirra símafyrirtækja sem bjóða viðskiptavinum að niðurhala leikjum í síma sína, en Síminn og Nova bjóða upp á svipaða þjónustu. Viðskiptavinir Vodafone hafa hingað til getað sótt leiki á Vodafone live en nú hefur fyrirtækið einnig opnað vefsíðu undir slóðinni www.leikir.vodafone.is þar sem er hægt að nálgast sömu leiki og á Vodafone live.

„Sex leikjaflokkar eru í boði en þeir eru kappakstur, heilabrot, íþróttir, þrautir, spilakassinn og hasar. Úrvalið ætti því að henta bæði þeim sem hafa gaman af spennandi og hröðum leikjum sem og þeim sem vilja brjóta heilann yfir flóknum þrautum,“ segir Elva Guðrún Guðjónsdóttir, vörustjóri Vodafone.

Ekki þarf að greiða fyrir GPRS-umferðina með Vodafone live en hún gerir símnotendum kleift að skoða margmiðlunarefni á netinu. „Það þýðir að ekki þarf að hafa áhyggjur af því að fá óþægilega bakreikninga fyrir notkun á Voda-



Elva Guðrún Guðjónsdóttir, vörustjóri Vodafone, segir sex leikjaflokka í boði. Flestir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fone live. Öll notkun er gjaldfærð annað hvort sem einingar eins og leikir eða sem áskrift og má nefna fótboltafréttir sem dæmi. Greitt er fyrir eitt stykki eða ótakmarkaðan aðgang í ákveðinn tíma,“ útskýrir Elva Guðrún.

Vodafone live styður öll nýjustu símtækin á markaðinum óháð framleiðanda þeirra. Þar komast viðskiptavinir á netið og hafa aðgang að afþreyingu og upplýsingum. Þar á meðal er fjöldi Java-leikja í boði.

„Yfirleitt eru fáir leikir fáanlegir fyrir allra nýjustu símana, þar sem tíma tekur að þróa þá, en þeir bætast þó jafnóðum við,“ segir Elva.

Í sínum sem styðja Vodafone live er einnig hægt að vafra um



Kappakstursleikurinn „The Fast and the Furious 4 3D“ er í öðru sæti á lista Vodafone yfir vinsælustu farsímaleikina.



Samstæðuleikurinn „Slide-a-Lama Deluxe“ er vinsælasti farsímaleikurinn hjá Vodafone um þessar mundir.

nýju heimasíðuna og skoða lýsingar og skjámyndir fyrir leiki sem eru í boði. „Eins og þegar tónlist er keypt í gegnum símann er hægt að senda WAP-push hlekk í símann með SMS til að kaupa leik og sækja,“ útskýrir Elva og nefnir þá leiki sem njóta hvað mestra vinsælda um þessar mundir. „Það eru samstæðuleikurinn Slide-a-Lama Deluxe, kappakstursleikurinn The Fast and the Furious 4 3D og kapallinn Café Solitaire.“

-ve



Husqvarna construction Products

STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GÓLF OG VEGSAGIR



K 750



K 1250



K 2500



K 3600



DM 230



HP 40 Bensínglussa dæla



Kjarnaborar



Steinsagarblöð



Nýr Heilsuleikskóli opnar í Hafnarfirði

Spennandi störf í boði

Skólar ehf. hafa gert þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ um rekstur heilsuleikskóla við Hamravelli í Hafnarfirði, sem gert er ráð fyrir að muni opna að hluta til í júní á þessu ári.

Skólar hafa rekið leikskóla í rúm sjö ár bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurnesjum. Innan fyrirtækisins er mikil reynsla sem snerta bæði fag- og rekstrarsviði leikskóla.

Til að stýra leikskólanum hafa þær Salvör Jóhannesdóttir og Kristín Auður Harðardóttir gengið til liðs við Skóla. Salvör sem leikskólastjóri og Kristín sem aðstoðarleikskólastjóri. Salvöru hefur lengi starfað sem leikskólastjóri og unnið eftir Heilsustefnunni til langs tíma. Salvör er leikskólakennari að mennt með framhaldsmenntun í stjórnun.



„heilbrigð sál í hraustum líkama“

Stefna Skóla er að auka veg
Heilsustefnunnar og fjölga
Heilsuskólum á Íslandi

www.skolar.is

Spennandi störf í boði

Ef þú ert leikskólakennari sem hafur áhuga á næringu, hreyfingu og listum átt þú samleið með okkur. Við leitum að kennurum til að vinna í nýjum heilsuleikskóla í Hafnarfirði þar sem næring, hreyfing og listir eru höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Spennandi störf í boði og kjörið tækifæri fyrir kennara sem vilja taka þátt í að móta leikskóla frá grunni með viðmiðum Heilsustefnunnar að leiðarljósi.

Við leitum að:

- Deildarstjórum
- Sérkennslustjóra
- Fagstjórum í íþróttum og listum
- Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu fólki

Hafðu endilega samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Hafnarfirði með sterk tengsl við náttúruna og þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla, mun taka vel á móti öllum fyrirspurnum.

Netfang: skolar@skolar.is

Sími: 420-4213

www.skolar.is



Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Guðrún Einarsdóttir

Blómaskreytir í Blómavali – 15 kg af síðan 5. nóvember *Krafturinn hefur aukist og mér fannst frábært að fá aðhaldið og einkapjálfunina. Breytti alveg um lífsstíl og jók hreyfinguna mikið. Stöðin er hlýleg og umhverfið og viðmót starfsfólksins er frábært. Reglulega vel farið ofan í mataræðið og á alveg nýjan hátt, hugsað út frá því að auka velliðan í daglegu lífi. Velliðanin sem ég finn í dag er eins og að fá sér góða sneið af franskri súkkulaðiköku.*



Gunnar M. Sigurfinnsson

Framkvæmdarstjóri hjá Icelandair – Missti 25% fituforðans á 2 mánuðum *Besta námskeið sem ég hef farið á. Kílóin fuku og ég er kominn vel á leið með breyttan lífsstíl og líður mikið betur. Engar öfgar heldur bara skynsemi. Gríðarlega mikilvægt til að halda út daginn og ég finn vel hversu krafturinn hefur aukist til að takast á við krefjandi verkefni hvers dags.*



María Másdóttir

Eigandi Blómahönnunar, blómaskreytir og listfræðingur – Missti 6,2 kg á 4 vikum *Frábær leiðsögn, frábær stöð og mesta aðhald sem hægt er að fá. Betra en einkapjálfun! Svo er líka fint að kílóin fuku og orkan hefur aukist og almenn velliðan. Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!*



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðuðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eft – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 7. apríl

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða

nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is



KARL WERNERSSON STJÓRNARFORMAÐUR MILESTONE Hjá Milestone er nú unnið samkvæmt tveggja og hálfis árs áætlun sem lagt var upp með um mitt síðasta ár. Unnið er að stórfelldum skipulagsbreytingum hjá félaginu og sókn inn á norrænan fjármálamarkað.

MARKAÐURINN/GVA

hluti fjárfestinga samstæðunnar er erlendur og að uppbygging á starfsemi mun fyrst og fremst eiga sér stað erlendis," segir hann og kveður það hvort heldur sem er eiga við um erlendu fyrirtækin sem starfa í Svíþjóð og Lúxemborg, eða fjárfestingarbankann Aska Capital. „Nánast 100 prósent tekna þessara félaga eru í erlendri mynt. Sjóvá er hins vegar vissulega íslenskt fyrirtæki og starfar hér á landi þótt töluvert af fjárfestingum félagsins sé í erlendum verkefnum.“ Auk þess að horfa til framtíðarvaxtar og möguleika félagsins segir Karl smæð markaðarins hér einnig hafa spilað inn í ákvörðunina um að skrá Invik fremur í Svíþjóð. „Þarna skiptir máli dýpt markaðarins og seljanleiki bréfanna. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er til-
tölulega grunnur og færri stórir þátttakendur en á sænska markaðnum.“

ÁKVÁÐU BREYTINGARNAR FYRIR KREPPU

Í kjölfar færslu íslenskra eigna Milestone undir Invik í Svíþjóð er að sögn Karls unnið að frekari breytingum sem tengjast fyrirhugaðri markaðs-skráningu Invik. „Í dag er lyfjatengd starfsemi ekki nema tæp fjögur prósent af efnahagsreikningi samstæðunnar en þar liggja rætur félagsins vissulega þótt félagið sé mjög rækilega búð að færa sig yfir á nýtt svið. Fyrir liggur að í tengslum við umbreytingu félagsins þurfum við með einum eða öðrum hætti að finna fjárfestingum okkar í lyfjastarfsemi varanlegan stað. Í skráningarferli skiptir máli að auðvelt sé að útskýra gjöld og tekjur, rekstur og fjárfestingar. Í því markmiði höfum við því ákveðið að selja starfsemi Lyfja og heilsu út úr samstæðunni og munum við bræður ásamt fleiri fjárfestum kaupa þann rekstur.“ Karl segir þetta mikilvægt vegna þess að krafan um gagnsæi, skiljanleika og skýrar áherslur sé mjög rík.

Núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum, lausafjárkreppu, stöðu krónunnar og lækkanir á verði hlutabréfa, segir Karl ekki spila inn í ákvörðun-

ina um að skrá félagið á markað í Svíþjóð fremur en hér á landi, enda hafi ákvörðun um að stefna að skráningu ytra verið tekin á miðju síðasta ári, áður en kom til áhrifa af undirmálslánakreppunni í Bandaríkjunum. „Auðvitað finnum við fyrir því núna eins og aðrir að órói er á markaði og erfitt með endurfjármögnun, en við höfum gert ráðstafanir til að lágmarka áhættu okkar,“ segir hann og bætir við að tímanlega hafi þurft að fara í undirbúning þeirra breytinga sem nú eru hafnar hjá félaginu, sér í lagi vegna samstarfs við fjármálaeftirlit þeirra landa þar sem fyrirtæki Milestone starfa. „Við gerðum í fyrria um þetta verkefni verkáætlun til tveggja og hálfis árs og höldum henni mjög vel.“

Þá segir Karl gaman frá því að greina að stjórnendateymi Milestone hafi verið óbreytt í nokkur ár, en það skipti gríðarmiklu þegar farið sé með fyrirtæki í jafnörar breytingar. „Að sama skapi hefur okkur auðnast að halda öllu stjórnendateyminu í Invik og erum við þar með mjög öflugan hóp framkvæmdastjóra. Að sama skapi nýtur forstjóri Invik mikils trausts á sænskum markaði.“ Til marks um það bendir Karl á að forstjóri Invik hafi verið kosinn stjórnarformaður Carnegie fljótlega eftir að Invik eignaðist tíu prósent hlut í Carnegie. „Stjórnarformaður í sænsku hlutafélagi er eftir atvikum valdameiri en maður í sömu stöðu hér og fyrir okkur var þetta því mjög jákvætt skref.“

Karl segir Carnegie þó ekki koma í stað Glitnis í framtíðaráætlunum félagsins, enda ekki félag sem láni út á sterkan efnahag líkt og Glitni geri. „Við höfum enda ákveðið að starfa áfram með Glitni og það hefur aldrei borið neinn skugga á það samstarf. Þar höldum við líka sjö prósent eignarhlut í samstarfi við viðskiptafélaga okkar, Einar Sveinsson og fjölskyldu, og höfum lýst því yfir að við munum ekki selja þennan hlut á þessu ári. Við höfum átt mjög gott samstarf við Glitni og erum mjög ánægð með þjónustu bankans og þekkjum styrk hans vel.“

Evrópusambandið er ekki svarið

Fyrir liggur til hvaða ráða þarf að grípa til að ná hér tökum á verðbólgu og slá á eftirspurnarþenslu. Karl Wernersson leggur til afnám verðtryggingar og fljótandi vexti á íbúðalán, um leið og slegir yrðu af verndartollar.

„Við höfum sjálf yfir að ráða þeim meðölum sem þarf til að lækka vöruverð og slá á þenslu og þurfum ekki Evrópusambandið til,“ segir Karl Wernersson og bendir á að í innkaupakörfu heimilanna séu landbúnaðarafurðir 46 prósent af matvælum. „Og hver ákveður verðið á þeim? Jú, íslenskt stjórnvöld,“ segir hann og spyr hvers vegna hér sé ekki felldir niður tollar, enda sé niðurfelling tolla og vörugjalda helsta ástæða þess að matarverð lækki við inngöngu í Evrópusambandið. „Þá yrðu felldir niður verndartollar og hægt að flytja inn kjúklinga frá Evrópu.“

Enn fremur telur Karl að ekki þurfi að koma til Evrópusambandsaðild til að hér náist að lækka vexti til jafns við það sem gerist í útlöndum. „Seðlabankinn hækkar vexti til að draga úr eftirspurn og hækka greiðslubyrði heimila og fyrirtækja til að draga úr umsvifum þeirra og þar með þenslu í hagkerfinu.“ Hann bendir hins vegar á að greiðslubyrði heimilanna ráðist fyrst og fremst af húsnæðislanum og á þau hafi stýrivextir bankans engin áhrif. Þá hafi verðbóluskot nánast engin áhrif þar á heldur. „Af því vextirnir eru verðtryggðir fær fólk vaxtahækkunina lánaða til langst tíma, en ef lánin væru með nafnvexti sem fylgdu vöxtum Seðlabankans væri staðan allt önnur. Raunveruleikinn er sá að vaxtahækkunir Seðlabankans hafa ekki áhrif á einn stærsta útgjaldalið heimilanna.“

Karl segir skipulag fasteignamarkaðar hér og aðkomu Íbúðalánasjóðs því gera það að verkum að hagstjórnartæki Seðlabankans, sem eigi meðal annars að hafa áhrif á einkaneyslu, ekki virka sem skyldi. „Nokkurra þúsunda króna hærri vaxta-reikningur á mánuði vegna verðtryggingar breytir litlu um neyslumynstur fólks til langs tíma,“ segir hann og bendir um leið á að viðvarandi viðskiptahalli valdi líka þrýstingi á gengi krónunnar. „Og viðskiptahallinn stafar ekki bara af fjárfestingu heldur líka að stórum hluta af einkaneyslu. Fyrir en við getum verið hér með hagstjórnartæki



MEÐ HÖND Á LAUSNINI Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, segir ljóst að hér þurfi að grípa til aðgerða til að auka virkni peningamálastefnunnar.

MARKAÐURINN/GVA

sem koma við buðu hins almenna launamanns virka hagstjórnartækin ekki.“

Karl slær fram sem áhuga-verðum valkosti til lausnar á efnahagsvandannum afnám verðtryggingar lána og upp-töku fljótandi vaxta á íbúðalán. Karl leggur að sama skapi áherslu á að greint verði á milli almennrar húsnæðislanastarfsemi til fólks með góðar tekjur sem bankarnir eru fullfærir um að sinna og hins vegar þeirrar stefnu að styðja efnaminna fólk til þess að eignast eigið húsnæði. „Þannig mætti nota Íbúðalánasjóð til að aðstoða þá sem ekki ráða sjálfir við að koma sér upp þaki yfir höfuðið en ekki þannig að allir landsmenn njóti niðurgreiddra íbúðavaxta. Íbúðalánasjóður á að fullnægja brýnum þörfum efnaminna fólks en ekki ýta undir aukna eyðslu þeirra sem hafa nóg á milli handanna.“

Með því að fella niður tolla, bæði á landbúnaðarvörur og annan varning þar sem ríkið fái ráðið, og beita hagstjórnartækjum sem virki segir Karl að hér mætti ná niður verðbólgu og þá væri hægt að lækka hér vexti til jafns við það sem gerist í Evrópu. „En auðvitað er það mikilvægast að hið opinbera gangi alltaf á undan með góðu fordæmi og dragi úr útgjöldum sínum til að draga úr þenslu í hagkerfinu.“



SAUÐFÉ Á BEIT Fella þarf niður tolla af landbúnaðarvörum til að hér lækki vöruverð. Karl Wernersson segir ljóst að tollarnir myndu þurfa að hverfa kæmi til inngöngu landsins í Evrópusambandið og spyr hvers vegna ekki sé strax gripið til þessa ráðs.

MARKAÐURINN/JÓN SIGURÐUR

um bankana

ggjar eignir og segj-
éf bandaríska ríkis-
arnar sem vakna um

matsfyrirtækin eru því kannski áleitnari en um þá sem tóku ákvarðanir um þessar fjárfestingar.“

Matsfyrirtækin segir Karl jafnframt mega bera nokkra ábyrgð á því skuldtryggingarálagi (CDS) sem íslensku bankarnir mega nú búa við á skuldabréfaútgáfu sína með hringlandahætti í einkunna-gjöf á lánshæfi bankanna. „Bankarnir hafa farið á einu ári úr AAA í A- og allar svona sveiflur gera ekki annað en draga úr trú og vekja ótta sem verður til þess að menn vilja fara út úr lánnum. Það versta sem fjármálageirinn veit eru breytingar, hann er í eðli sínu íhaldssamur og vill hafa hlutina í sínum föstu skorðum. Allar svona breytingar setja markaðinn í upp-nám og við sem lítið hagkerfi, fremur neðarlega í öryggisstigannum í Evrópu, lendum ekki alltaf vel í þessu.“



al í Búkarest í Rúmeníu í



MEÐ ÚTREIKNINGANA Á HREINU Karl Wernersson segir tæpast hægt að sakast við fjárfesta að hafi lagt peninga í skuldabréfavafninga sem fengið höfðu AAA lánshæfiseinkunnir frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum, enda sé það hæstu einkunnir sem alla jafna sé ekki útteilt nema til vel stæðra þjóð-ríkja.

MARKAÐURINN/GVA

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Vondir útlendingar sakaðir um markaðsmisnotkun:

Ekki alvitlaust

Björgvin Guðmundsson

Það mun aldrei neitt af viti koma út úr athugun Fjármálaeftirlitsins á því hvort skipulegum neikvæðum orðrómi hafi verið komið af stað í því skyni að hagnast á hreyfingum á markaði. Skynsamleg niðurstaða mun heldur aldrei fást í athugun Kaupþings á því hvort grundvöllur sé fyrir málsókn gegn Bear Stearns vegna ákvarðana sem stjórnendur vögunarsjóða tóku í kjölfar þess að heimsækja landið í boði fjárfestingabankans.

Engu máli skiptir þótt einhver starfsmaður Bear Stearns hafi skrifað vonda greinargerð eftir heimsóknina þar sem sagði að betra væri að veðja á Kasakstan en Ísland. Erfiðara verður að sýna fram á samantekin ráð vögunarsjóða um að taka stöðu gegn Íslandi í því skyni að hagnast. Benda má á það sem stóð í Merrill Lynch-skýrslunni sem kom út í fyrradag, að skuldatryggingarálag íslensku bankanna væri að nálgast það sem gerðist í Írak. Og þar ríkir stríðsástand.

Það er einkum tvennt sem rekur Fjármálaeftirlitið og Kaupþing til þessara viðbragða.

Annars vegar hefur Davíð Oddsson seðlabankastjóri ákveðið að skaðvald íslensku fjármálakerfisins sé líklega ekki að finna hér innan lands heldur í líki óþrúttinna miðlara. Fyrir viku síðan var óvininn að finna hér innan lands í formi fjármálafyrirtækis sem hafði farið of geyst í að verja eiginfjárstöð sína í erlendri mynt. Vísendingar sem Seðlabankinn var sagður vera að fara yfir gæfu í skyn að fyrirtækið hefði stuðlað að óeðlilegu falli íslensku krónunnar. Ljóst var að engin fjármálafyrirtæki hér heima þyldu meiri gagnrýni vegna stöðunnar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og því varð að beina sjónum Seðlabankans annað.

Fjármálaeftirlitið er í raun eini aðilinn sem getur fylgt þessum orðum seðlabankastjóra eitthvað eftir. Varla hefur bankinn þau tæki og mannskap sem þarf til þess. Því hefur Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, ákveðið að setja af stað athugun sem nú er í gangi. Hún er samt ekki viðameiri en svo að engin systurstofnun í öðru landi hefur verið virkjuð til samstarfs. Kannski mun það koma síðar, ef mönnum er full alvara í þessum leik. Það er rétt sem Jónas segir í samtali við Markaðinn í Fréttablaðinu í gær að þetta er alls ekki einfalt mál.

Pegar seðlabankastjóri beindi athyglinni að innlendum aðila voru bankarnir í skotlínunni. Vegna stærðar sinnar kemur Kaupþing auðvitað fyrst upp í þeirri umræðu. Eðlilega á bankinn mestu erlendu eignirnar og hefur fært stærstan hluta af eigin fé sínu í erlenda mynt.

Pegar frétt birtist um að bankarnir hefðu hagnast um rúmlega 155 milljarða króna á veikingu krónunnar gaus umræðan aftur upp. Kaupþing sá ástæðu til að gefa út fréttatilkynningu í kjölfarið þar sem sagði: „Kaupþing vísar algerlega á bug orðrómi þess efnis að bankinn hafi vísitandi reynt að stuðla að veikingu krónunnar í viðskiptum sínum á gjaldeyrismarkaði.“

Daginn eftir, eða á mánudaginn, birtist svo frétt í Financial Times sem greinir frá tortryggni Kaupþings í garð fjögurra vögunarsjóða og athugun FME. Þrátt fyrir að þessar aðgerðir kunni að vera sýndarleikur sem engin niðurstaða fæst í gæti umfjöllunin verið til góðs fyrir íslenskt fjármálalíf. Hún dreifir athyglinni frá vandanum sem bankarnir hafa þurft að kljást við og reynir að benda á sökudólg utan landsteinanna. Slík umfjöllun vekur athygli og um leið er hægt að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri. Til dæmis er hægt að greina frá því hversu óeðlilega hátt skuldatryggingarálag bankanna hefur verið miðað við góðan undirliggjandi rekstur. Og frá aðgerðum opinberra aðila til að grípa inn í þróunina með lántöku eða nýjum lánalínum erlendis.

Þó að þetta sé vitlaust þarf það ekki að vera gagnslaust.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olivr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Hjartastopp

– PAD hjartastartari

Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Mikilvægar yfirlýsingar

ORÐ Í BELG

Jón Steinson
lektor í
hagfræði við
Columbia-
háskóla.



Í ræðu sinni á aðalfundi Seðlabankans sagði Geir Haarde: „Hreinar skuldir ríkissjóðs eru nú litlar sem engar ... Það þýðir að ríkissjóður hefur mikinn fjárhagslegan styrk og getur tekið að láni verulegar fjárhæðir ef á þarf að halda. Það er því engum vafa undirorpið að ríkissjóður og Seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu.“

Þessu til viðbótar sagði Geir að ef slík staða kæmi upp mundu íslensk stjórnvöld „hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annars staðar“.

Margir hafa kallað eftir viðbrögðum af hálfu ríkisstjórnarinnar við þeim óróa sem verið hefur á íslenskum fjármálamörkuðum síðustu vikur. Þessi yfirlýsing er skýrt merki um það að ríkissjóður mun nota fjárhagslegan styrk sinn til þess að sporna gegn því að fjármálakreppa skelli á hér á landi.

SLEGIÐ Á ÓTTA FJÁRFESTA

Hið mikla fall krónunnar og hlutaþræfaverðs íslenskra fjármálafyrirtækja síðustu vikur orsakast af ótta fjárfesta við að alvarleg fjármálakreppa geti skolið á hér á landi á næstunni. Fjárfestar óttast að einn eða fleiri af stóru íslensku bönkunum gætu lent í greiðsluferðleikum. Og þeir óttast að slíkur atburður myndi valda kollsteypu á Íslandi.

En vandi bankanna er að miklu leyti til kominn vegna þess að erlendir fjárfestar óttast um stöðu þeirra. Með öðrum orðum felst

vandinn í óttanum og óttinn í vandanum. Slíkur vítahringur getur sjálfur valdið fjármálakreppu ef hann fær að grassera.

Það er af þessum sökum sem orð forsætisráðherra í gær eru sérstaklega eftirtektarverð. Með orðum sínum er hann að freista þess að klippa á þennan vítahring. Hann er að benda á að ríkissjóður Íslands hefur bolmagn til þess að taka nægilega stór erlend lán til þess að koma í veg fyrir að íslensku bankarnir geti lent í greiðsluferðleikum. Ef vel tekst til mun yfirlýsingin minnka ótta erlendra fjárfesta sem mun minnka vanda íslensku bankanna og koll af kalli þar til óveðurskýin eru að mestu farin.

Veltum aðeins fyrir okkur hvað ríkissjóður hefur bolmagn til þess að taka mikið fé að láni. Verg landsframleiðsla Íslands er u.þ.b. 11 milljarðar evra á ári. Skuldir japanska ríkisins eru 180% af VLF. Meðalskuldir ríkissjóða OECD eru 75% af VLF og flest ríki OECD eru verr sett en við Íslendingar þegar kemur að lífeyrissjóðssparnaði. Það er því ljóst að ríkissjóður getur tekið „verulegar fjárhæðir“ að láni. Fjárhæðir sem staðið gætu undir

fjármögnun íslensku bankanna í langan tíma.

AÐSTÆÐUR RÉTTLÆTA AÐSTOÐ

Vonandi mun þessi yfirlýsing og sú staðreynd að íslensku bankarnir eru með hátt eiginfjárlutfall og tiltölulega litla endurgreiðsluþörf á næstu misserum gefa það að verkum að fleiri fjárfestar fari að sjá tækifæri í íslensku bönkunum.

Einhverjir munu vísast gagnrýna vilja Geirs til þess að standa við bakíð á bönkunum. Þeir munu telja það orka tvímælis að skattgreiðendur bjargi bankgreifum úr vanda sem þeir hafa sjálfir komið sér í. Og það er vissulega rétt að ríkisvaldið þarf að fara afskaplega varlega í það að bjarga fjármálageiranum. Slíkt getur skapað slæmt fordæmi og getur falið í sér tilfærslu fjár frá þeim efnaminni til þeirra efnameiri. En öll fyrirtæki og heimili landsins eru meira eða minna upp á fjármálakerfið komin með hvers konar fjármögnun. Alvarleg fjármálakreppa gæti því leitt til þess að hagkerfið allt legðist á hliðina og allur þorri almennings yrði fyrir ómældu tjóni.

Það er einungis til þess að koma í veg fyrir slíkt sem réttlætlegt er fyrir ríkissjóð að hlaupa undir bagga með stóru bönkunum. Heimspekingurinn John Rawls setti fram þá kenningu að ójfnuður samræmdist þá aðeins samfélagslegu réttlæti að hann gagnaðist þeim sem minnst mega sín. Það er hugsun af þessu tagi sem á að vera stjórnvöldum að leiðarljósi þegar þau taka erfiðar ákvarðanir um það á hvaða tímapunkti þau telja ástandið vera það alvarlegt að ríkissjóður eigi að hlaupa undir bagga.

Yfirlýsingar Geirs um ótvíræðan vilja stjórnvalda til þess að nota fjárhagslegan styrk sinn til þess að koma í veg fyrir fjármálakreppu eru mikilvægt innlegg í þá umræðu sem uppi hefur verið um stöðu íslensks efnahagslífs í erlendum og innlendum fjölmiðlum. Þessar yfirlýsingar og sú yfirlýsing að gera eigi fræðilega úttekt á umgjörð peningamála á Íslandi eru stærstu og mikilvægustu fréttirnar af aðalfundi Seðlabankans í gær. Þær ættu að geta haft verulega jákvæð áhrif á þróun efnahagsmála á næstunni – og eru miklum mun áhugaverðari heldur en sumar af þeim yfirlýsingum sem hlutu mesta athygli fjölmiðla í upprunalegri umfjöllun af fundinum.

Greinin birtist áður í vefritinu *Deiglan.com*. Millifyrirsagnir eru *Markaðarins*.



Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKA ÍSLANDS Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur ræðu á ársfundi Seðlabanka Íslands sem fram fór síðasta föstudag. Greinarhöfundur segir að með orðum í ræðunni hafi ráðherrann gert tilraun til að stöðva vítahring í fjármálakerfinu sem óttaslegin fjárfestar geta valdið. MARKAÐURINN/ANTON

ORÐSKÝRINGIN

Lánalínur

Í skrifum um fjármálastofnunar og fyrirtæki bregður oft á tíðum fyrir orðinu „lánalínur“ en ekki er alveg víst að þeir sem ekki eru innvígðir í launhelgar fjármálastofnunar átti sig í fljótu bragði á hvað þar er átt við, þótt í einhverjum tilvikum megi kannski ráða það af samhengi.

Lánalína mætti líka segja að væri formlegt loforð um lán, sem gildir í ákveðinn tíma og á fyrirfram umsömdum kjörum. Þeim sem samið hefur um „lánalínuna“ er svo í sjálfsveld sett hvort hann nýtir sér möguleikann og slær lán. Fyrirtæki semja gjarnan um margar lánalínur og njóta þar með aukins

valfrelsis í fjármögnun starfsemi sinnar. „Opnar“ lánalínur væru svo slíkir lánasamningar sem annað hvort væru ótímabundnir eða til lengri tíma.

Lánalínur eru samningar sem fyrirtæki stór og smá verða sér úti um, en umfangið ræðst af eðli starfseminnar. Í lausafjárkreppunni sem nú ríður yfir alþjóðlega fjármálamarkaði eru slíkar lánalínur hugsanlega hluti af fjármögnun banka þegar þrengir að á öðrum vígstöðvum, auk þess sem rætt er um að Seðlabanki Íslands gæti þurft að koma sér upp fleiri slíkum leiðum til lántöku í þeim tilgangi að vera í stakk búinn til að hlaupa



undir bagga á peningamarkaði hér heima og sjá til þess að ekki komi upp hnökrar, svo sem á gjaldeyrismarkaði.

SPÁKAUPMAÐURINN

Vísindaferðir

Ég verð að viðurkenna að ég botna lítið í dúddunum frá Bír Störns og vogunarsjóðunum fjórum að westan sem komu hingað í vísindaferð í byrjun árs undir því yfirskini að kynna sér íslenskt efnahagslíf. Eins og allir muna eftir sem einhvern tíma hafa stigið yfir þröskuldinn á Háskóla Íslands þá eiga vísindaferðir lítið skylt við háskólanám og aukna þekkingu – nema ef vera skyldi á mismunandi áfengistegundum og því hversu miklu er hægt að hella í sig áður en viðkomandi dettur út.

Á háskólaárunum var ég hrókur alls fagnaðar, skipulagði vísindaferðir í ráðuneytin, bankana og borholu 13 nærri því hverja einustu helgi og raðaði í mig misgöröttum drykkjum. Borholan verður að teljast eftirminni-legasti staðurinn enda sjaldan sem ylvolgu vatni hefur meðvitað verið blandað út í rommið mitt. Í vísindaferðunum hellti háskólastúdentinn ég gratis í mig frá miðjum degi og inn í nóttina og vaknaði – ef allt gekk eftir – skelþunnur með skólasystur úr rekstrarhagfræði III eða hvað þetta heitir orðið í dag. Svona voru vísindaferðirnar í den og ég reikna ekki með því að þær hafi breyst á nokkurn hátt. Fjármál tengdust ferðunum ekkert þá og ég geri ekki ráð fyrir að það gerist í dag. Áfengi og peningar fara einfaldlega ekki saman.

Nema í dag heita þessir túrar vinnuferðir. Þær eru farnar helst út fyrir landssteina svo maður skandalíseri ekki í námunda við kunnuga.

En sveimérþá. Ekki veit ég til þess að dúddarnir frá Bír Störns hafi farið í vísindaferð í nokkurn banka þegar þeir komu hingað í ársbyrjun. Samt þykjast þeir búa yfir þekkingu á landi og þjóð. Ef ég þekki svona lið rétt þá hafa þeir gert lítið annað en að sitja yfir öli eða eyðilaggt ágætt víski með kóki á 101 eða álíka stað og spjallað við gesti. Kannski skrónglað upp á Laugaveg en drifið sig til baka með hjartað í brókunum eftir spreibrúsaárás á miseigulegar byggingar. Haldið kannski í ölvímunni að þeir hafi villst inn í Bronx. Nú eða Kasakstan, sem er land villimanna, ef marka má þekkingu Bandaríkjamanna á erlendum þjóðum. Og auðvitað urðu þeir að skrifa skýrslu um málið. Yfirmennirnir hafa ekki tekið annað í mál. Auðvitað best að vinna slíkt yfir meira öli.

Að öðru leyti hef ég ekkert um málið að segja. Hins vegar finnst mér lítið koma til kvartana seðlabankastjórans um árás á krónuna. Ef eitthvað er hægt að græða – og það má vissulega gera með sveiflum krónunnar – þá finnst mér ekkert að því. Já, ekki stend ég í þessu til að tapa.

Spákaupmaðurinn á horninu

Útgáfa verðbréfalýsingar

FL GROUP hf. birti í gær, þriðjudaginn 1. apríl 2008, verðbréfalýsingu og samantekt á ensku undir heitinu „Share securities note“ og „Summary“. Verðbréfalýsingin og samantektin eru gefnar út rafrænt á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is.

Verðbréfalýsingin og samantektin eru gefnar út í tengslum við hækkun hlutfjár félagsins. Hækkunin nemur 3.659.265.291 nýjum hlutum og er hver hlutur 1 kr. að nafnverði. Hlutirnir eru í sama flokki og þegar útgefnir hlutir FL Group hf. Hlutirnir voru útgefnir Baugi Group hf. á genginu 14,7 krónur hver hlutur sem endurgjald fyrir hlutabréf og forgangshlutabréf í fasteignafélögum og fasteignasjóðum í eigu Baugs Group hf. auk hluthafalána sem veitt höfðu verið sumum af fasteignafélögum og fasteignasjóðum.

OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt verðbréfalýsinguna og samantektina. Verðbréfalýsingin og samantektin eru vegna tóku 3.659.265.291 nýrra hluta í FL Group hf. til viðskipta á Aðalmarkaði OMX Nordic Exchange Iceland hf. þar sem átt eru viðskipti með hluti félagsins undir auðkenninu „FL“. Gert er ráð fyrir að hinir nýju hlutir verði teknir til viðskipta þann 2. apríl 2008.

Útgáfudagur verðbréfalýsingarinnar og samantektarinnar er 31. mars 2008 og birtingardagur hennar þriðjudagurinn 1. apríl 2008. Verðbréfalýsingin og samantektin eru í gildi næstu tólf mánuði frá útgáfudegi. Vilji menn nálgast útprentað eintak af rafrænu útgáfunni á þeim tíma er hægt að fá slíkt afrit hjá félaginu að Síðumúla 24, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 2. apríl 2008
FL Group hf.



FL GROUP HF., Síðumúla 24, 108 Reykjavík, Íslandi. kt. 601273-0129

APRÍLTILOBOÐ Á ALLRAHANDAKORTUM & NAFNSPJÖLDUM 500STK VERÐ FRÁ AÐEINS

40%
AFSLÁTTUR

6.953 KR
MEÐ
VSK

5.585 KR
ÁN
VSK



EINFALT OG ÁRANGURSRIKT

REYKJAVÍK
Sími: 5276500

REYKJANESBÆ
Sími: 4210001

KÓPAVOGI
Sími: 5522930

HORNAFIRÐI
Sími: 4782052



// 4. apríl 2008 //

FJÁRFESTINGAÞING NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA

KAUPPING Borgartúni 19, Reykjavík



Seed Forum

DAGSKRÁ

- 08:30 **Skráning**
- 09:00 **Opnun**
Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins
- Stjórnvöld og nýsköpun**
Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðgjafi
- Englanet og Mótframlagssjóður**
Mr. David Grahame, CEO of LINC
National Business Angel Network Scotland
- 09:45 **Nýsköpunarfyrirtæki kynna viðskiptahugmyndir sínar:**
Hersir Invest
Accel Jet
Mentis Cura
- 10:15 **Kaffihlé**
EFF2
Oppdal Naturstein
Inveco Nord
MIND
- 11:30 **Léttur hádegisverður fyrir frumkvöðla og fjárfesta**
- 12:30 **Ráðstefnulok**

SKRÁNING

Þar sem sæti eru takmörkuð eru þátttakendur beðnir um að skrá sig á <http://www.seedforum.is>

RÆÐUMENN



Hr. Össur Skarphéðinsson
iðnaðarráðgjafi



Hr. David Grahame
CEO of LINC



Breski sendiherrann, Alp Mehmet býður ráðstefnugestum til móttöku á heimili sínu kl. 17.00.

Léttur kvöldverður
að Höfða kl. 19.00.



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



FRÁ NÁMSSTEFNUNNI Karin Forseke, sem hér situr á milli Höllu Tómasdóttur og Þórönnu Jónsdóttur frá Auði Capital og er fyrst kvenna í heiminum til að stýra fjárfestingarbanka, segir árangur kvenna af fjárfestingum betri en karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Konur fara eftir leikreglum karlanna

„Ungar konur sem vilja ná langt verða að fara eftir leikreglum karla. Ég gerði það sjálf. Það var eina leiðin og ég fékk það sem ég vildi,“ segir Karin Forseke, fyrrverandi forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie. Hún er jafnframt fyrsta konan til að gegna slíkrri stöðu í heiminum og situr í stjórn breska fjármálaeftirlitsins.

Forseke hélt erindi um konur, fjármagn og fyrirtæki á námsstefnu Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna á föstudag.

„Konur geta auðvitað leikið eftir reglum karla. Leikurinn hefur reyndar í rás sögunnar ávallt verið á forsendum karla, sem ég tel sorglegt,“ segir og hún bendir á að árangursríkara sé að kynin setji reglurnar til jafns.

Ástæðu þess að leikreglurnar séu að mestu leyti óbreyttar í dag segir Forseke liggja í peningum og völdum. „Konum finnst óþægilegt að blanda þessu saman. Ég held reyndar að þetta sé að breytast. En þróunin er hæð. Þetta er spurning um sjálfs-traust kvenna,“ segir hún. - job

Konur skila betri árangri

„Staðreyndin blasir við. Konur í stjórnnum fyrirtækja eru allt of fáar,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra í setningarræðu sinni á námsstefnu um konur, fjármagn og rekstur fyrirtækja á föstudag. Hann útilokaði ekki beitingu lögbundins kynjakvóta. Slíkt yrði þrautalending.

Halla Tómasdóttir, starfandi stjórnarformaður fjárfestingarsjóðsins Auði Capital, sagði auð kvenna aukast um allan heim. Nær helmingur fjármagns í hinum vest-ræna heimi væri í þeirra eigu og stefndi í að meirihluti auðkýfinga í Bretlandi yrði konur eftir tólf ár.



VIÐSKIPTARÁÐHERRA Björgvin G. Sigurðsson

Aðalræðumaður námsstefnunnar var Karin Forseke. Hún sagði að byggja yrði upp sjálfs-traust kvenna svo þær treystu sér að gegna ábyrgðarstöðum í fyrirtækjum. „Þær styðjast við það sem þær vita best og myndu aldrei fjárfesta í því sem þær skilja ekki,“ sagði hún og vísaði til flókinna fjármálagjörninga á borð við skuldabréfavafninga sem tengjast bandarískum fasteignalánnum. „Þar sem þær fjárfesta er árangurinn betri en karla,“ sagði hún. - job

Ímynd og sparisjóður

Ímyndarvísitala bankanna er mæld tvisvar á ári. Í síðustu mælingu styrktist staða íslensku sparisjóðanna mest milli ára.

Vala Georgsdóttir
skrifar

Þegar ímynd og markmið haldast í hendur getur útkoman verið árangursrík. Samkvæmt nýlegri mælingu á ímyndarvísitölu fjármálafyrirtækja hafa íslensku sparisjóðirnir sterka ímynd í hugum íslenskra neytenda. „Í flestum tilfellum eru ákvarðanir neytenda ómeðvitaðar,“ nefnir Hallgrímur Óskarsson, framkvæmdastjóri Fortuna, sem hefur séð um mælingar á ímyndarvísitölu bankanna. Mælingarnar eru unnar út frá ZMET-rannsóknaraðferðinni sem Gerald Zaltmann, prófessor við Harvard Business School, er upphafsmaður að. „Rannsóknaraðferðin gengur út á að greina ómeðvitaðar hugsanir til að geta greint hvaða þættir eru raunverulega ráðandi hjá viðskiptavininum,“ bendir Hallgrímur á.

Íslensku sparisjóðirnir samstanda af þremur fjármálafyrirtækjum sem eru Sparisjóðurinn, Byr og Spron. Þegar rýnt er í niðurstöður mælinganna kemur í ljós að sparisjóðirnir virðast höfða meira til þeirra sem teljast áhættufæltnir. Þegar spurt er um hvaða fjármálafyrirtæki leggi áherslu á fleiri þætti en hagnaðinn einan fengu sparisjóðirnir bestu umsögnina. Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing höfðu aftur á móti betur til þeirra áhættusæknna. Þeir þóttu því standa sig betur en sparisjóðirnir þegar spurt er um þætti eins og góða ávöxtun, uppbyggingu og útrás. Þegar spurt er um hvaða fjármálafyrirtæki sýni viðskiptavininum tillitsemi eru það sparisjóðirnir sem eiga vinninginn í þeim flokki. Einnig þegar spurt er út í hvaða fjármálafyrirtæki bjóði „hvern sem er velkominn“ fá sparisjóðirnir flestu stigun í mælingunni. Auk þess eru sparisjóðirnir fyrsti kostur



GLUGGAD Í TÖLURNAR Á BAK VIÐ ÍMYNDINA Mikilvægt er að nota staðföst skilaboð í markaðsstarfi, að sögn þeirra Ingibjargar Ástu Halldórsdóttur, forstöðukonu á markaðssviði Sparisjóðsins, og Höllu Helgadóttur, hjá auglýsingastofunni Fiton. MARKAÐURINN/GVA

þeirra sem íhuga að skipta um banka.

Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir forstöðukona á markaðssviði Sparisjóðsins nefnir að „Sparisjóðurinn hafi ætíð lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð sína“. Hún vísar til þess að „Sparisjóðurinn haldi uppi viðtæku dreifinetti afgreiðslustaða út um allt land,“ og bætir við að „Sparisjóðurinn taki einnig virkan þátt í mannlífni á landsvísu.“ Auglýsingastofan Fiton hefur unnið náið með markaðssviði Sparisjóðsins á undanförunum árum. Halla Helgadóttir teiknistofustýra hjá Fiton segir að lögð hafi verið áhersla á að nota staðföst skilaboð í markaðsstarfinu. En slagorð Sparisjóðsins „Sparisjóðurinn – Fyrir þig og þína,“ er dæmi um „skilaboð sem beint er til viðskiptavina á persónulegu

nótunum,“ segir Ingibjörg Ásta. „Markmið Sparisjóðsins hefur einmitt verið að einbeita sér að einstaklingsþjónustu á heimamarkaði. En á sama tíma hafa Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing verið uppteknir við að vinna nýja markaði í útlöndum,“ benda þær báðar á.

Þessar ólíku áherslur stóru bankanna annarsvegar og sparisjóðanna hinsvegar endurspeglast vel í nýlegri mælingu á ímyndarvísitölunni. Sparisjóðurinn er ágætis dæmi um fjármálafyrirtæki sem hefur haft það að markmiði að veita einstaklingum fjármálaþjónustu sem lagar sig að þörfum hvers og eins. Þess skilaboð virðast neytendur hafa skynjað þegar rýnt er í töluna sem sýnir mælingar á ímyndarvísitölu bankanna þetta misserið.


Skútuvegur 1

Reykjavík
Til sölu eða leigu

Stærð: 347 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 43.050.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX

Lind



Opið hús?..

RE/MAX Lind kynnir; Skútvog 1 F um er að ræða tvö jafnstór bil 173,7 (samaltals 347,4)annað er á jarðhæð með innkeyrsludryum og er tilvalinn sem lager. Efri hæðin er í dag innréttuð sem skrifstofa. Lýsing efri hæðar: gólfefni, náttúrusteinn á forstofu annars er parket. Tvær stórar skrifstofur eru á efri hæð ásamt góðri og stórra móttöku. Eignin er laus nú þegar og bilin seljast saman sem ein heild. Jafnvel skoðar eigandinn að leigja eignina til langstíma.

Verð: 70.000.000

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
693 4085
gylfi@remax.is





ÞAÐ LANGAR ALLA
AÐ FARA ALLA LEIÐ

www.landrover.is



Með bílinn handa þér

RANGE ROVER SPORT

Fyrir þá sem geta valið hvað sem er – er valið einfalt! Þegar kröfurnar eru riflegt rými, fullkomnir aksturseiginleikar, fágun í öllum frágangi og útlit sem sómir sér jafn vel á vegum úti og við tröppur Þjóðleikhússins, er Range Rover Sport hinn augljósi valkostur. Eigendur Range Rover gera miklar kröfur og sú staðreynd að þessi breski lúxusbíll trónir á toppnum ár eftir ár ættu að vera nægjanleg meðmæli. Við þá sem enn kunna að efast segjum við : Skoðaðu staðalbúnaðinn í Range Rover Sport og spurðu sjálfan þig hvort þú þráir ekki innst inni að fylgja hinu margfræga kjörorði Land Rover og „FARA ALLA LEIÐ“?

B8L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200



GO BEYOND



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Úlfarsárdalur, útivistarsvæði

Tillaga að deiliskipulagi fyrir almennt útivistarsvæði í Úlfarsárdal.

Almennt útivistarsvæðin eru beggja vegna árinna og mynda skil á milli verndarsvæða og aðliggjandi byggingarsvæða í dalnum. Ásvæðunum er gert ráð fyrir fjölbreyttri aðstöðu til útivistar s.s. hverfisleikvöllum, boltavöllum, skíða- og sleðabrekum, skólalögðum o.fl. Á svæðunum eru skógræktarsvæði og settjarnir og um þau liggja stofn- og tengistígar og mannvirki sem tengjast útivist á svæðinu. Á íþróttarsvæði fyrir miðjum dalnum er gert ráð fyrir uppbyggingu með innanhús æfingaaðstöðu, keppnis- og æfingavöllum, knatthúsi og tilheyrandi bílastæðum.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Fossvogur, breyting á skilmálum

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir raðhús í Fossvogshverfi, skipulag sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur 6. febrúar 1968.

Í skilmálum sem eru í deiliskipulagi er ekki heimilt að gera glugga á göflum raðhúsa en með breytingu þessari verður það heimilt þar sem aðstæður leyfa og mun byggingarfulltrúi meta hverja umsókn fyrir sig. Nánari útskýringar á breytingu má sjá í texta kynningargagna.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Höfðatorg, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs þar sem heimilað verður að koma fyrir fyrirlestrar- og kvikmyndasölum neðanjarðar.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á texta í greinargerð. Í kaflanum "Almennt" komi textinn "Ráðgerð er íbúðabygð með allt að 250 íbúðum auk skrifstofu- verslunar- og þjónustubýggðar á lóðinni þ.m.t. kvikmyndahús, ráðstefnusalur og fleira". Kafli "Bílastæði/bílageymslur" fái heitið "Bílastæði, bílageymslur og starfsemi neðanjarðar" og í lokamálsgrein kafla komi "Byggingareitur fyrir bílakjallara, kvikmyndahús og aðra starfsemi neðanjarðar samsvarar lóðarmörkum Höfðatorgs og heildarstærð lóðar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 2. apríl 2007 til og með 14. maí 2008. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 14. maí 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 28. mars 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkurur

DAGUR Í LÍFI ...

Erna Kaaber, veitingakonu á Fish & Chips

Erna Kaaber athafna- og veitingakona á veitingastaðnum Fish & Chips við Tryggvagötu 8 segir frá degi í lífi sínu þegar hún hringdi í fiskalann með öndina í hálsinum.

7.00 Ég er enn sofandi og veit ekkert í þennan heim né annan.

8.00 Ég vakna við klukknahtjóm. Dríf mig á fætur og vökva naggrísina. Hringi í grænmetissalann og panta kryddjurtir. Næ í blöðin og fæ mér léttan morgunverð yfir lestrinum. Skelli mér í snöggt bað.

9.00 Er mætt niður á Fish and Chips og byrja að undirbúa daginn. Kíki á tölvupóstinn. Verð að setja sósur, salöt og súpu í forgang og svara pósti seinna. Ég hef gleymt farsímanum heima.

11.00 Ég uppgötva mér til hryllings að kokkurinn hefur gleymt að panta fisk í gærkvöldi. Ég hringi í fiskalann með öndina í hálsinum enda opnum við eftir hálf tíma. Prinsinn reddar þessu fyrir mig á mettíma og litla systir rýkur af stað til að sækja fiskinn.

11.30 Litla systir kemur lafmód inn úr dyrunum með spriklandi ferskan fiskinn. Kokkurinn tekur til við að skera fenginn. Ég anda örlítið léttar og opna fyrir gestum dagsins.

13.00 Fundur um framtíðarmöguleika. Spennandi horfur á næstunni og mikið rými fyrir sköpun.

14.30 Sest niður til að svara póstinum. Er rétt byrjuð þegar ég er kölluð fram í afgreiðslu. Eftir ítrekaðar árangurslausar tilraunir til að svara póstinum gefst ég upp og ákveð að gera það eftir lokun. Viðskiptavinurinn verður að ganga fyrir og viðmælendur mínir hlíta því lögmáli.

18.00 Hvað varð um allar klukkustundirnar á milli tvö og sex? Búið að vera vitlaust að gera og ég er illa undirbúin fyrir kvöldgestina. Ég set allt á fullt og næ að undirbúa mig á mettíma. Fæ mér fisk á salatbeði til að endurnýja orkuna.



GÓÐGÆTIÐ FRAMREITT Erna Kaaber átti í stökustu vandræðum að svara tölvupósti og lét kunnana ganga fyrir. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

20.00 Er farin að finna fyrir verkjum í fótum og baki enda hef ég ekki sest niður lengur en í sjö mínútur samfelld frá því klukkan níu í morgun. Drekk meira vatn og klára að afgreiða fyrirbyggjandi pantanir.

21.05-23.20 Loka hurðinni og klára að afgreiða síðustu gesti. Geng frá. Svara tölvupósti. Skrifa hjá mér hvað hvað ég þarf að gera á morgun. Skelli öryggikerfinu á. Fer út í kalt kvöldloftið.

23.30-24.00 Gef naggrísunum spínat og jarðaber. Bursta tennur og næ mér í bók um næringarfræði til að lesa. (Líkaminn er dásamleg efnaskipta-maskína hugsa ég þegar ég finn heilann dæla út melatóníni....).

PÓSTURINN
SÍMI 540 3000

HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA

lenovo
NÝR HEIMUR. NÝ HUGSUN.

Þolir fartölvun þín fall?

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 13. febrúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu fleygt úr 8 metra hæð. Eftir fallið var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvun verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni, og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherja samstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samstæðunnar í fjórum löndum.


NÝHERJI

BANKHÓLFID

Uppsagnir

Menn eru farnir að standa við yfirlýsingarnar um aðgerðir til að bregðast við breyttu árferði í rekstri fjármálafyrirtækja. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, sagði að fækkað yrði í starfslíði bankans. Auðvitað munar þar mestu um sölu á hluta af starfsemi sem áður var undir Singer & Friedlander. Í fyrradag fengu þó fjölmargir starfsmenn bankans uppsagnarbréf, en þeir voru samt rétt undir 30 því annars hefði verið um hópuppsögn að ræða. Bankarnir fara þannig að þessa mánuðina að klípa jafnt og þétt af starfslíðinu til að vekja ekki upp óþægilega umræðu um uppsagnir og vandræði sem því fylgja. Má búast við áframhaldandi uppsögnum á næstunni.



Hrist upp í hestamönnum

Dr. Kári Stefánsson hjá DeCode hristi upp í aðalfundi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands sem fram fór á Þingborg í Flóahreppi í síðustu viku. Bændablaðið greinir frá því að Kári hafi „fjarflutt“ erindi, en honum var varpað upp á vegg með aðstoð tækninnar. Meðal annars sagði Kári að hestamennskan væri sú íþrótt sem mest hefði hnignað í 1.100 ára sögu þjóðarinnar, menn mættu helst á landsmót til þess að detta í það. Ef til vill var eins gott að Kári var fjarri ef lesið er milli lína í frásögn Bændablaðsins. Enginn tjáði sig þó opinberlega um skoðanir hans, utan Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur, sem „gaf lítið fyrir erindi Kára og var honum meira og minna ósammála í öllu“.

Fjármögnun á yfirdrætti

Icelandic Group tilkynnti í gær að það ætlaði að leggja fyrir hluthafafund tillögu um að gefa út skuldabréf í evrum að andvirði 5 milljarðar króna með 23 prósentu föstum ársvöxtum. Uppleggið sýnir hve dýrt það er orðið að fjármagna starfsemi félaga eins og Icelandic, sem þegar er mjög skuldsett. Orðrómurinn á markaðnum hefur verið sá að hlutur flestra muni þynnast út og Björgólfur Guðmundsson muni á endanum eignast félagið þegar skuldabréfunum verði breytt í hlutabréf á gengingu einum. Það skýri svo fall Icelandic í Kauphöllinni síðustu daga, en bréf félagsins hafa lækkað um meira en 36% á sjö dögum. Með þessu á að reyna að bjarga þessu gamalgróna fyrirtæki fyrir horn.



21,2 milljarðar króna er veltan með bréf í Giltni á mánudag. Viðskiptin tengjast að mestu framvirkum samningum.

12,69 prósent er hluturinn sem FL Group seldi í Finnair á mánudag. Félagið var stærsti hluthafinn á eftir finnska ríkinu í flugfélaginu.

155 milljarðar króna er sú upphæð sem bankarnir eru sagðir hafa hagnast um á gengisfalli íslensku krónunnar að undanförmu að sögn breska blaðsins The Times.

VERSLUNARLAUSN :

VILTU EINFALDA REKSTURINN?



Kr. 299.000 án vsk*

Innifalið í verði :

- » MerkurPOS sölukerfi
- Birgðakerfi
- Viðskiptamannabókhalð
- Strikamerki
- Greiningatól
- » Posiflex vélbúnaður
- » Peningaskúffa og prentari
- » Uppsetning og kennsla

* ath verð miðast við þau kerfi sem við eigum ennþá á eldra gengi

MerkurPOS er eitt vinsælasta verslunarkerfið hér á landi og hefur það fengið frábærar viðtökur frá viðskiptavinum okkar.

MerkurPOS er fyrir sérvöruslana, veitingahús og alla þá sem vilja hafa yfirsýn yfir reksturinn með fullkomnu kassakerfi sem heldur utan um birgðir, sölu, greiningu og viðskiptamenn.



Viðskiptamannabókhalð

Greiningatól

Birgðakerfi

* Verð á MerkurPOS sölukerfi er 75.000 án vsk.

** Tenging við öll helstu bókhaldskerfi

“Við erum með MerkurPOS Veitingahúsakerfi hjá okkur, það kom okkur mest á óvart hversu auðvelt var að taka kerfið í notkun. Eg er sérstaklega ánægður með þjónustuna og kerfið hefur reynst okkur mjög vel!”
Ragnar, Veitingahúsið Lauga-ás


“Við höfum innleiðingu á MerkurPOS verslunarkerfi árið 2005 og hefur það reynst áreiðanlegt og einfalt í notkun.”

Finnur Magnússon, Tiger Island ehf.

Grensásvegi 11 | 108 Reykjavík
Sími 568-2700 | www.merkurpoint.is

MERKUR
POINT

skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007-31. jan. 2008



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablaðFréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.

Viðskiptafréttir...



...alla daga